

Borgarráð

### ***Málefni miðborgar – Samstarfshópur, stefna og miðborgarsjóður***

Lagt er til að borgarráð samþykki eftirfarandi aðgerðir í málefnum miðborgar:

1. Skipaður verði samstarfshópur um málefni miðborgar til 12 mánaða

Samstarfshópur um málefni miðborgar verði skipaður til 12 mánaða, sbr. hjálagt erindisbréf, og verkefni hans og skipan endurmetin að þeim tíma loknum. Borgarritari verði formaður hópsins sem einnig verði skipaður fulltrúum Reykjavíkurborgar og hagaðila í málefnum miðborgar.

Samstarfshópurinn verði skipaður í stað verkefnisstjórnar miðborgarmála sem skipuð var í mars 2017 en skv. erindisbréfi hennar skyldi fyrirkomulag hennar og verkefni endurskoðuð að loknu starfsárinu 2019. Markmið með skipan samstarfshópsins er að auka skilvirkni og einfalda fyrirkomulag málefna miðborgar, að skapa aukna yfirsýn og markvissa upplýsingamiðlun um málefni miðborgar og efla samvinnu og samráð milli mismunandi hagaðila og ólíkra stjórnsýslusviða borgarinnar. Á meðal verkefna samstarfshópsins er að gera tillögur að fyrirkomulagi samstarfs um málefni miðborgar til næstu ára.

Samstarfshópurinn fái 10 m.kr. til ráðstöfunar í verkefni á árinu 2021 og þurfa þau að vera samþykkt með atkvæðum formanns og 2/3 fulltrúa á fundi hópsins, sem greiðist af kostnaðarstað 01296 með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar fyrir árið 2021.

2. Stefna um málefni miðborgar verði uppfærð

Samhliða breytingum á fyrirkomulagi málefna miðborgar í stjórnkerfi Reykjavíkurborgar er lagt til að stefna um málefni miðborgar verði uppfærð og má sjá tillögu að uppfærðri stefnu í hjálögðu skjali. Um er að ræða óverulega efnislega breytingu á þeirri stefnu sem mótuð var af stýrihópi um málefni miðborgar og samþykkt var í borgarstjórn 3. nóvember 2016. Breytingin felst í eftirfarandi:

- Gildistími: Stefnunni er gefinn afmarkaður gildistími í samræmi við 4. gr. reglna um stefnur og stefnumarkandi áætlanir sem samþykktar voru í borgarráði 17. janúar 2019 og er lagt til að uppfærð stefna stefna gildi til ársloka 2022 með fyrirvara um mögulega endurskoðun stefnunnar á gildistímanum.
- Markmiðasetning: Fimm leiðarljós fyrri stefnu breytast í þrjú skýr meginmarkmið. Að auki felur endurskoðuð stefna í sér framtíðarsýn og gerir ráð fyrir að straumlínulaga ferla og samvinnu er varða miðborgina.

3. Úthlutunarreglur miðborgarsjóðs verði uppfærðar

Tillaga að uppfærðum úthlutunarreglum miðborgarsjóðs er hjálögð. Breytingar frá gildandi reglum dags. 1. júní 2017 felast í eftirfarandi:

- Breytingum á leiðarljósum stefnunnar.
- Samstarfshópur um málefni miðborgar komi í stað verkefnisstjórnar miðborgarmála.
- Í stað þess að umsóknir í miðborgarsjóð verði lagðar fyrir verkefnisstjórn miðborgarmála og fyrir borgarráð til staðfestingar, verði umsóknir í sjóðinn þess í stað lagðar fyrir samstarfshóp um málefni miðborgar til umsagnar og fyrir borgarráð til samþykktar.

Fyrirrihugað er að setja skilyrði um að styrkveitingum úr sjóðnum haust 2020 verði varið í viðburði og markaðsstarf tengt jólahaldi og verslun og þjónustu í miðborginni í samræmi við heimild í 2. gr. reglnanna. Jafnframt er fyrirhugað að lækka úthlutun úr sjóðnum úr 30 m.kr. árið 2021 í 20 m.kr. og að mismunurinn verði til ráðstöfunar samstarfshóps um málefni miðborgar sem fyrr segir. Sú breyting kallar ekki á breytingu á úthlutunarreglum miðborgarsjóðs eða á fjárhagsáætlun.

Greinargerð:

Stefna um málefni miðborgar ásamt aðgerðaáætlun var samþykkt í borgarráði í nóvember 2016. Þá var jafnframt ákveðið að skipa verkefnisstjórn miðborgarmála og ráða verkefnisstjóra miðborgarmála. Að þremur árum liðnum skyldi fyrirkomulag verkefnisstjórnarinnar og verkefni hennar endurmetin og endurskoðuð. Verkefnisstjórn miðborgarmála var skipuð í mars 2017 og skv. erindisbréfi skyldi fyrirkomulag hennar og verkefni endurskoðuð að loknu starfsárinu 2019.

Á grundvelli greiningar á fyrirkomulagi um málefni miðborgar er lagt til að dregið verði úr umfangi þeirra í stjórnkerfi Reykjavíkurborgar.

Verkefnisstjórn og samráðsvettvangur um málefni miðborgar starfi ekki áfram í sömu mynd og lagt verði af þrjú stig samráðs eins og var í formi a) hálfsmánaðarlegra samráðsfunda sem voru jafnframt formlegir fundir verkefnisstjórnar miðborgar, b) árstíðabundið samráð og c) árlegt samráð. Þess í stað verði skipaður með erindisbréfi borgarstjóra samstarfshópur um málefni miðborgar til 12 mánaða og verkefni hans og skipan endurmetin að þeim tíma loknum. Hópurinn geri starfsáætlun í stað fyrri aðgerðaáætlunar stefnu í málefnum miðborgar. Á meðal verkefna samstarfshópsins verði að gera tillögur að fyrirkomulagi samstarfs um málefni miðborgar til næstu ára.

Við endurskoðun á fyrirkomulagi miðborgarmála var haft samráð við starfsfólk og stjórnendur Reykjavíkurborgar og ytri hagaðila.

Tekin voru viðtöl við starfsfólk og stjórnendur hjá Reykjavíkurborg um fyrirkomulagið og aðgerðaáætlun stefnunnar. Niðurstaða þeirra er að einfalda megi fyrirkomulag miðborgarmála í stjórnkerfi borgarinnar og að flestum þáttum aðgerðaáætlunarinnar sé betur fyrir komið hjá viðkomandi fagsviðum og skrifstofum þar sem ábyrgð á framkvæmd þeirra er að finna.

Þá voru tekin viðtöl við fulltrúa í verkefnisstjórn miðborgarmála og vinnustofa haldin í nóvembermánuði á síðasta ári með starfsfólki borgarinnar og fulltrúum hagaðila. Niðurstöður þess samráðs eru að virði sé fólgið í grunnvirkni vettvangsins og því að ólíkir hagaðilar miðborgar geti hist, miðlað upplýsingum, átt skoðanaskipti og rætt áskoranir og tækifæri.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Drög að erindisbréfi samstarfshóps um málefni miðborgar.

Tillaga að endurskoðaðri stefnu í málefnum miðborgar til 2022.

Drög að endurskoðuðum úthlutunarreglum miðborgarsjóðs.

Stefna um málefni miðborgar ásamt aðgerðaáætlun dags. október 2016.

Reglur um stefnur og stefnumarkandi áætlanir.

# ERINDISBRÉF

## Samstarfshópur um málefni miðborgar

### Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

### Markmið:

Markmið með skipan samstarfshópsins er að skapa aukna yfirsýn yfir málefni miðborgar, stuðla að markvissri upplýsingamiðlun um þau og efla samvinnu og samráð milli hagaðila og sviða borgarinnar.

### Hlutverk og helstu verkefni samstarfshóps:

- 1 Að efla samráð og samtal milli ólíkra aðila sem koma að málefnum miðborgar bæði innan stjórnkerfis og utan með stefnu í málefnum miðborgar til hliðsjónar.
- 2 Að auka reglubundið samstarf og samvinnu milli Reykjavíkurborgar og hagaðila um miðborgina.
- 3 Að vinna saman að aðlaðandi, vistvænni, skemmtilegri og fjölbreyttri miðborg fyrir alla með það að markmiði að fjölga gestum í miðborginni.
- 4 Að vinna saman að og styðja við öfluga markaðssetningu miðborgarinnar til dæmis með sameiginlegu markaðsátaki þegar það á við.
- 5 Að safna og hafa yfirsýn yfir viðeigandi tölfræðigögn og lykilupplýsingar um málefni miðborgarinnar.
- 6 Að miðla upplýsingum sín á milli um þjónustu, starfsemi, framkvæmdir og viðburði og annað það sem varðar miðborg Reykjavíkur.
- 7 Að fylgja eftir stefnu í málefnum miðborgar með gerð starfsáætlunar til árs.
- 8 Að veita umsagnir um styrkumsóknir í miðborgarsjóð.
- 9 Að gera tillögur að fyrirkomulagi samstarfs um málefni miðborgar til næstu ára í samstarfi við hagsmunaaðila.

Samstarfshópurinn getur skipað vinnuhópa um afmörkuð málefni eða verkefni.

Samstarfshópurinn hefur 10 m.kr. til ráðstöfunar í verkefni á árinu 2021 og þurfa þau að vera samþykkt með atkvæðum formanns og 2/3 fulltrúa á fundi hópsins.

Nánar er fjallað um hlutverk fulltrúa og regluleg viðfangsefni á fundum samstarfshópsins í fylgiskjali.

### Samstarfshópurinn skipa:

Reykjavíkurborg:

Borgarritari (formaður), fulltrúi deildar afnotaleyfa, fulltrúi skilmálaeftirlits byggingafulltrúa, fulltrúi skrifstofu framkvæmda og viðhalds, fulltrúi samgöngustjóra og borgarhönnunar, fulltrúi upplýsingadeildar, fulltrúi skrifstofu menningarmála, fulltrúi Höfuðborgarstofu, fulltrúi atvinnuþróunar, fulltrúi þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, miðborgar og hlíða, fulltrúi þjónustu- og nýsköpunarsviðs, fulltrúi mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, fulltrúi heilbrigðiseftirlitsins.

Aðrir fulltrúar: Fulltrúi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, fulltrúi slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, fulltrúar íbúasamtaka vesturbæjar, Grjótaþorps, miðborgar og Hlíða,

Félög/samtök rekstraraðila í miðborginni, fulltrúi samtaka verslunar og þjónustu (SVP), félag fasteignafélaga SVP, fulltrúi félags atvinnurekenda (FA), fulltrúi Hafnartorgs, fulltrúi Faxaflóahafna, fulltrúi samtaka aðila í ferðaþjónustu (SAF), fulltrúi stjórnarráðs Íslands.

Aðrir fulltrúar Reykjavíkurborgar og hagaðila verði boðaðir á fundi samstarfshópsins í samræmi við dagskrá.

**Starfsmaður:**

Starfsmaður frá skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

**Fundatíðni:**

Miðað er við að hópurinn haldi a.m.k. fjóra fundi á ári. Vinnuhópar funda eftir þörfum.

**Til ráðgjafar og samstarfs:**

Samstarfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfisins og hafi samstarf við íbúaráð Vesturbæjar og íbúaráð Miðborgar og Hlíða þar sem við á.

**Starfstímabil:**

Hópurinn er skipaður til 12 mánaða og skal hlutverk og skipan hans endurskoðuð að þeim tíma loknum.

Reykjavík [Dags.]

Dagur B. Eggertsson

Fylgiskjöl:

Hlutverk fulltrúa og regluleg viðfangsefni á fundum samstarfshóps um málefni miðborgar.

## Fylgiskjal 1: Hlutverk fulltrúa og regluleg viðfangsefni á fundum samstarfshóps um málefni miðborgar

### *Regluleg viðfangsefni á fundum samstarfshóps*

Viku fyrir fund senda fulltrúar þau mál sem þeir vilja taka á dagskrá til verkefnastjóra. Fundardagskrá skal liggja fyrir 2 virkum dögum fyrir fund. Dagskrá funda samstarfshóps innifeli a.m.k. eftirfarandi:

- *Götur og torg*  
Fulltrúi samgöngustjóra og borgarhönnunar upplýsir um stöðu mála í borgarumhverfinu s.s. samgöngur, ný torg, breytingar á borgarumhverfinu og önnur verkefni í borgarlandinu. Á vettvangi samstarfshópsins fer fram umræða um það sem betur má fara í þessum málum.
- *Framkvæmdir í miðborg*  
Fulltrúar frá Skrifstofu framkvæmda- og viðhalds og deild afnotaleyfa upplýsa samstarfshópinn um fyrirhugaðar framkvæmdir í miðborginni og áhrifum tiltekinna afnotaleyfa á miðborgina.
- *Umgengni og umhirða*  
Deildarstjóri hverfastöðvar vestur upplýsir samstarfshópinn um umgengni og áskoranir í umhirðu í miðborginni. Á vettvangi samstarfshópsins fer fram umræða um það sem betur má fara í þessum málum.
- *Viðburðir og menningarstarfsemi*  
Fulltrúi skrifstofu menningarmála upplýsir um viðburði og menningarlíf í miðborginni.
- *Ferðapjónusta og atvinnuþróun*  
Fulltrúi Höfðuborgarstofu og fulltrúi atvinnumála frá skrifstofu borgarstjóra og borgarritara upplýsa um helstu málefni er snúa að ferðapjónustu og atvinnuþróun innan miðborgarinnar.
- *Íbúar, rekstur og þjónusta*  
Fulltrúar hagaðila og íbúa miðla upplýsingum og ábendingum frá sínum hagaðilahópi.
- *Starfsáætlun/vinnuhópar/miðborgarsjóður*  
Yfirferð yfir framvindu vinnu við starfsáætlun, störf vinnuhópa og úthlutun úr miðborgarsjóð.
- *Önnur mál*  
Viku fyrir fund sendi fulltrúar inn sérstök erindi eða fyrirspurnir sem þeir vilja taka á dagskrá. Erindum og fyrirspurnum skal fylgja viðeigandi rökstuðningur eða útskýringar. Innsend erindi hafa forgang í dagskrá. Aðrir sérfræðingar innan borgarinnar verða kallaðir inn eftir málefnum.

### *Vinnuhópar*

Samstarfshópur um málefni miðborgar getur gert tillögu að skipan vinnuhópa um afmörkuð málefni eða verkefni. Hlutverk og verkefni þeirra skulu útfærð á blaði þar sem fram koma markmið og afurðir verkefnisins, vinnslutímabil, þátttakendur, ávinning, áætlað kostnaðarmat

o.þ.h. Þátttakendur í vinnuhópum þurfa ekki að sitja í samstarfshópnum en miða skal við að a.m.k. einn fulltrúi hans sé í hverjum vinnuhóp.

#### *Hlutverk fulltrúa í samstarfshópnum*

Sérhver fulltrúi Reykjavíkurborgar í samstarfshópnum sér um að miðla upplýsingum, ábendingum og öðru því sem fram kemur á fundum samstarfshóps til þeirrar starfseiningar innan borgarinnar eftir því sem við á. Þá sér hann einnig um að miðla upplýsingum og ábendingum frá sinni starfseiningu til samstarfshóps. Formaður samstarfshóps sér um að miðla upplýsingum og ábendingum af vettvangi hans til framkvæmdastjórnar Reykjavíkurborgar eins og við á. Sérhver fulltrúi hagaðila miðlar upplýsingum, ábendingum og öðru því sem fram kemur á fundum samstarfshóps til eigin hagaðilahóps og öfugt.

#### *Hlutverk verkefnisstjóra/starfsmanns*

- 1 Undirbýr og situr fundi samstarfshóps, ritar fundargerð og sinnir viðeigandi úrvinnslu.
- 2 Skrifar fréttabréf um málefni miðborgar.
- 3 Vinnur starfsáætlun í samvinnu við samstarfshópinn og vinnur að framkvæmd hennar ásamt hópnum.
- 4 Aðstoð við vinnuhópa samstarfshóps eftir því sem við á.
- 5 Heldur utan um fjárhagsramma og fjárreiður samstarfshóps.
- 6 Utanumhald um Miðborgarsjóð.
- 7 Er tengiliður við íbúa, rekstrar- og hagsmunaðila, borgarstofnanir og stofnanir utan borgar um málefni miðborgar í samræmi við hlutverk samstarfshóps.
- 8 Er til ráðgjafar sviðum borgarinnar sem vinna verkefni og áætlanir á vettvangi miðborgar og veitir upplýsingar um málefni miðborgar sem óskað er eftir.
- 9 Ábyrgð á að upplýsingar um miðborgina séu aðgengilegar stafrænum miðlum.
- 10 Ábyrgð á gerð ársskýrslu um störf samstarfshóps.

# Miðborgarsjóður Reykjavíkurborgar

## Úthlutunarreglur

### 1. gr. Hlutverk og markmið Miðborgarsjóðs

Hlutverk Miðborgarsjóðs er að stuðla að því að miðborgin sé áhugaverður og aðlaðandi dvalar- og áfangastaður fyrir íbúa og aðra hagsmunaaðila borgarinnar, landsmenn alla og erlenda gesti. Markmið miðborgarsjóðs er að stuðla að fjölbreytni í miðborginni og eflingu hennar sem íbúðabyggðar og um leið miðstöðvar verslunar, þjónustu, mannlífs, menningar og stjórnsýslu. Miðborgarsjóður vinnur að því með því að veita einstaklingum, félagasamtökum, fyrirtækjum og stofnunum tækifæri til frumkvæðis, nýsköpunar og rannsókna í miðborginni í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum miðborgar og markmið aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 um að greina, skrá og vinna úr upplýsingum um þróun miðborgarinnar. Áhersla er lögð á að styrkja verkefni sem eru í samræmi við framtíðarsýn og meginmarkmið stefnu í málefnum miðborgar.

### 2. gr. Úthlutun og umsóknir

Styrkir úr sjóðnum skulu eingöngu veittir til verkefna sem falla að stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum miðborgarinnar.

Reykjavíkurborg getur sett sérstök skilyrði um styrkveitingar úr sjóðnum, svo sem að lögð verði áhersla á tiltekin málefni eða málaflokka eða samstarf aðila. Þá getur Reykjavíkurborg sett skilyrði um einstaka styrkveitingar úr sjóðnum, s.s. að styrkur skuli greiddur út í fleiri greiðslum en tveimur, og að framkvæmdum verði lokið innan tiltekinna tímamarka. Feli verkefni í sér afnot af borgarlandi ber styrkhafa að sækja um tilskilið afnotaleyfi og ef um röskun á borgarlandinu er að ræða skal styrkveiting háð því skilyrði að frágangur verði með fullnægjandi hætti.

Ef veita á styrk til ákveðins verkefnis eða rekstrar oftast en einu sinni skal sérstakur rökstuðningur fylgja.

Einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir geta sótt um styrki úr sjóðnum. Stofnanir Reykjavíkurborgar eða starfsmenn þeirra geta ekki sótt um styrki í sjóðinn en geta verið samstarfsaðilar í verkefnum sem aðrir sækja um styrki til.

Auglýst skal eftir umsóknum að minnsta kosti einu sinni á ári. Þegar umsóknarfrestur er liðinn skal verkefnisstjóri miðborgarmála taka saman upplýsingar um umsóknir sem og tillögur að úthlutun í samráði við borgarritara. Tillögur um úthlutun skulu lagðar fyrir samstarfshóp um málefni miðborgar til umsagnar. Í kjölfarið leggur borgarritari þær fyrir borgarráð til staðfestingar.

Umsækjendur sækja um styrki úr sjóðnum með því að fylla út eyðublöð á vef sjóðsins. Í umsóknum um styrki skal taka fram nafn, kennitölu og heimilisfang ábyrgðaraðila. Umsóknum skal fylgja greinargerð um viðkomandi verkefni, markmið þess, framgang og hvenær því lýkur. Umsækjandi skal tilgreina jafnréttismarkmið og hvernig verkefnið samræmist mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Leggja skal fram kostnaðaráætlun og gögn þar að lútandi. Hafi umsækjendur áður fengið styrk frá Reykjavíkurborg skal fylgja greinargerð með upplýsingum um upphæð styrksins, ráðstöfun og nýtingu fjármuna.

### 3. gr. Fjármál og eftirfylgni

Styrkir úr sjóðnum eru afgreiddir eftir að samningar um styrkveitingu hafa verið undirritaðir og gegn framvísun fjárhagsáætlunar vegna þess verkefnis sem styrkurinn er veittur til. Styrkirnir skulu greiddir út í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um styrki.



Endurgreiða skal veitta styrki þegar fyrir liggur að þeim hefur ekki verið varið í tilgreindar framkvæmdir/verkefni, innan þeirra tímamarka sem ákveðin eru við úthlutun eða, í þeim tilvikum sem það er ótilgreint, innan tveggja ára frá styrkveitingu. Hafi styrkur ekki verið sóttur innan árs frá úthlutun fellur hann niður.

Styrkþegar skulu skila Reykjavíkurborg greinargerð um ráðstöfun styrksins ásamt uppgjöri. Ef afgangur er af styrknum skal skila honum til baka í sjóðinn. Greinargerð skal skilað á þar til gerðu rafrænu eyðublaði á heimasíðu Reykjavíkurborgar, þegar viðkomandi verkefni er að fullu lokið í samræmi við styrksamning styrkþega og Reykjavíkurborgar. Í samræmi við samþykkt borgarráðs frá 26. maí 2016 skal styrkþegi í greinargerð um ráðstöfun styrks skila kyngreindum gögnum um þá sem eftir atvikum veita eða njóta tiltekinnar þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar og sérstaklega verði greint frá því hvaða áhrif framlagið hefur á stöðu jaðarsettra hópa fólks sbr. mannréttindastefna Reykjavíkurborgar.

Styrkþegar skulu ávallt birta merki Reykjavíkurborgar í kynningarefni og láta þess getið að verkefnið hafi hlotið styrk úr sjóðnum. Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að nýta niðurstöður verkefnisins eða aðra afurð þess til frekari vinnu, kynningar eða eftir atvikum með öðrum hætti í þágu miðborgarstarfs.

**Samþykkt á fundi borgarráðs [Dags].**

## Fylgiskjal 2: Tillaga að endurskoðaðri stefnu í málefnum miðborgar til 2022

### **Tillaga að endurskoðaðri stefnu í málefnum miðborgar til 2022:**

#### **Framtíðarsýn Reykjavíkurborgar í málefnum miðborgar:**

„Miðborg Reykjavíkur er höfuðborg allra landsmanna þar sem mætist öflugt og heilbrigt íbúasamfélag, fjölbreytt atvinnustarfsemi og menningar- og mannlíf sem endurspeglar bæði menningararf þjóðarinnar og framsækinnar og alþjóðavæddrar borgar. Í henni er gott að búa, starfa og vera gestur.“

Framtíðarsýnin er útfærð nánar í þremur meginmarkmiðum:

#### **MIÐBORG ALLRA**

Í miðborginni ríkir jafnræði þannig að fólk á öllum aldri getur notið miðborgarinnar óháð efnahagslegum, félagslegum og menningarlegum bakgrunni sem felur í sér:

- *Rödd allra:*  
Hagaðilar fái áhrif á mótun miðborgarinnar og boð- og samráðsleiðir um málefni hennar eru opnar og gagnsæjar til að virkja sem flesta til þátttöku.
- *Ábyrgð allra:*  
Hagaðilar taka virkan þátt og bera ábyrgð á að rækta og móta miðborgina.
- *Hönnun fyrir alla:*  
Umhverfi miðborgarinnar, viðburðir, vörur og þjónusta taki mið af þörfum allra og verði fyrir eins breiðan hóp af fólki og mögulegt er, óháð aldri, getu, líkamsburðum og fjárhag.

#### **VISTVÆN OG AÐLAÐANDI MIÐBORG**

Miðborgin er vistvæn og aðlaðandi og býður upp á heilnæmt og öruggt umhverfi sem felur í sér:

- *Öflugt og öruggt samfélag:*  
Íbúar sem og gestir í miðborginni hafa áhrif og búa við öryggi og í sátt við aðra starfsemi miðborgarinnar.
- *Litríkt menningar- og mannlíf:*  
Miðborgin er lifandi staður með litríkt og fjölbreytt menningar- og mannlíf sem endurspeglar sögu og menningararf borgarinnar og þjóðarinnar.
- *Vistvænt umhverfi og samgöngur:*  
Heildarásýnd miðborgarinnar einkennist af vönduðum lausnum, fallegu og göngu- og hjólavænu umhverfi þar sem grænar áherslur eru í fyrirrúmi.

## FJÖLBREYTT MIÐBORG

Miðborgin hefur ólík hlutverk og fullnægir mismunandi óskum og hagsmunum sem felur í sér:

- *Fjölbreytt rými:*  
Í miðborginni eru margskonar rými með ólíka ásýnd og eiginleika sem vinna gegn einsleitni og viðhalda listrænni og skapandi starfsemi. Í miðborginni á jafnframt að vera sigrúm fyrir leik, íþróttaiðkun, útivist og viðburði.
- *Fjölbreytt verslun og þjónusta:*  
Í miðborginni þrífst fjölbreytt verslun og þjónusta sem tekur mið af fjölbreyttum þörfum íbúa hennar og gesta.
- *Fjölbreytt hlutverk:*  
Miðborgin gegnir ýmiss konar hlutverki og er allt í senn höfuðborg Íslands, græn borg, hafnarborg, menningarborg, ferðamannaborg, verslunar- og veitingaborg og þekkingar- og nýsköpunarborg auk þess að vera mannlífsborg og endurspegla fjölbreytileika þeirra sem koma í miðborgina, búa þar og starfa.

Markmiðasetning stefnu um málefni miðborgar verði nánar útfærð í starfsáætlun samstarfshóps um málefni miðborgar.

# MÁLEFNI MIÐBORGAR

Stefna og stjórnsýslulegt fyrirkomulag

Október 2016



Reykjavíkurborg



## Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
Fyrirkomulag málefna miðborgar.....	4
Stefna um málefni miðborgar.....	5
Aðgerðaáætlun.....	8
Nánar um einstakar aðgerðir:	
Samráðsvettvangur miðborgar.....	12
Miðborgarsáttmáli.....	17
Miðborgarsjóður.....	18
Verkefnisstjórn miðborgarmála.....	19
Verkefnisstjóri miðborgarmála.....	21
Viðaukar.....	22

## Inngangur

Miðborg Reykjavíkur er í senn miðja stjórnsýslu á Íslandi, miðja atvinnu-, verslunar- og veitingastarfsemi og söguleg, menningarleg og samfélagsleg miðja þar sem mannlífið dregur dóm af sérhverjum tíma. Á undanförunum árum hefur uppgangur og uppbygging í höfuðborginni ásamt verulegri aukningu í ferðaþjónustu haft mikil áhrif á mannlíf, ásýnd og starfsemi í miðborginni og áhrifasvæði hennar. Miðborgin er enda bæði fjölsóttasti ferðamanna staður landsins og elsta og fjölskrúðugasta hverfi borgarinnar þar sem íbúðabyggð og fjölbreytt atvinnustarfsemi hafa ávallt fléttast saman. Fyrirséð er að á komandi árum haldi miðborgin áfram að breytast með áframhaldandi uppbyggingu og fjölgun ferðamanna sem hefur áhrif á alla innviði miðborgarinnar, umhverfi hennar og mannlíf.

Fyrirliggjandi stefna um miðborgina í heild er til staðar í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 (AR2010-2030), annars vegar sem almenn stefnuákvæði og hins vegar sem markmið og sértæk ákvæði um ákveðna þætti. Í ljósi þess að aukning ferðaþjónustu í miðborginni hefur orðið mun meiri en gert var ráð fyrir við vinnslu aðalskipulagsins er nú unnið að undirbúningi og mótun breytingartillagna á fyrirliggjandi stefnu og stefnuákvæðum um miðborgina. Fjölmargar deiliskipulagsáætlanir eru í gildi innan miðborgar og stefnt er að gerð hverfisskipulags miðborgar. Samhliða þessum verkefnum og í þeim tilgangi að huga að utanumhaldi um málefni miðborgar í stjórnkerfi Reykjavíkurborgar var skipaður stýrihópur kjörinna fulltrúa í febrúar 2015\*. Megin viðfangsefni stýrihópsins var að skoða framtíðarfyrirkomulag málefna miðborgar innan stjórnkerfis borgarinnar sem og formlegt fyrirkomulag samstarfs og samráðs við íbúa, rekstraraðila og aðra hagsmunaaðila í miðborginni.

Í þessari skýrslu eru tillögur stýrihópsins að stefnu um málefni miðborgar og skilgreindar aðgerðir í þeim efnum. Tillögurnar byggja á úrvinnslu þegar samþykktu stefna og áætlana Reykjavíkurborgar og skilgreindum leiðarljósum um að miðborgin sé allra, heildstæð, aðlaðandi, fjölbreytt, vel tengd og vistvæn. Áhersla er lögð á að Reykjavíkurborg og hagsmunaaðilar gangi í takt og tali einni röddu í miðborginni. Stofnun *Samráðsvettvangs miðborgar* er meðal tillagna að aðgerðum í því samhengi. Samráðsvettvangurinn er sameiginlegur samræðu- og upplýsingavettvangur Reykjavíkurborgar og ólíkra hagsmunaaðila í miðborginni með beina tengingu við ákvörðunarvald borgarinnar. Markmið samráðsvettvangsins er að skapa aukna yfirsýn og markvissari upplýsingamiðlun um málefni miðborgar. Um leið er markmiðið að efla samhæfingu og samráð milli íbúa, rekstraraðila, fasteignaeigenda og milli ólíkra stjórnsýslusviða borgarinnar sem bera ábyrgð á framkvæmd fyrirliggjandi stefna, áætlana og verkefna á vegum Reykjavíkurborgar. Þá er lagt til að skipuð verði verkefnisstjórn miðborgar sem beri ábyrgð á framfylgd og innleiðingu stefnu um málefni miðborgar og að settur verði verkefnisstjóri til að starfa með verkefnisstjórninni.

Samþykkt þessarar stefnu gefur fagráðum og fagsviðum skýr skilaboð um áherslur við forgangsröðun verkefna og fjármuna. Innihald skýrslunnar er jafnframt innlegg í vinnu við fyrirhugaðar breytingar á stefnu og stefnuákvæðum um miðborgina í AR2010-2030 og gerð hverfisskipulags.

\*Stýrihópur um málefni miðborgar skipa: S. Björn Blöndal (formaður), Áslaug Friðriksdóttir, Börkur Gunnarsson, Kristín Soffía Jónsdóttir og Þórgnýr Thoroddsen. Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir tók síðar sæti í hópnum. Sjá upplýsingar um aðdraganda, fyrirkomulag og vinnuferli stýrihópsins í viðauka.

## Miðborgarsvæði



### MIÐBORGARSVÆÐI

Við mótun stefnu um málefni miðborgar er litið til miðborgarsvæðis eins og fjallað er um það í AR2010-2030 að því svæði meðtöldu sem horft er til í aðalskipulaginu sem möguleg framtíðarstækkun miðborgar til suðurs. Hluti hverfanna Miðborg, Vesturbær og Hlíðar er innan miðborgarsvæðis.



## Fyrirkomulag málefna miðborgar

Gerð er tillaga um fyrirkomulag málefna miðborgar sem er í fjórum liðum og snýr að skilgreiningu ábyrgðarsviðs, samráði, stefnu og framfylgd hennar með aðgerðaráætlun.

**1.**

**Stefna um málefni miðborgar byggð á áskorunum, tækifærum og fyrirbyggjandi stefnumótun Reykjavíkurborgar verði samþykkt. Stefnan verði leiðarljós vinnu verkefnisstjórnar miðborgarmála sem beri ábyrgð á að framfylgja stefnunni.**

**2.**

**Aðgerðaráætlun um málefni miðborgar verði samþykkt. Verkefnisstjórn miðborgarmála ber ábyrgð á framkvæmd áætlunarinnar.**

**3.**

**Skipuð verði verkefnisstjórn miðborgarmála til þriggja ára. Verkefnisstjórnin geri starfs- og verkefnaáætlun til eins árs í senn og að þremur árum liðnum verði fyrirkomulag verkefnisstjórnarinnar og verkefni hennar endurmetin og endurskoðuð.**

**4.**

**Settur verði verkefnisstjóri sem starfi með verkefnisstjórn miðborgarmála. Verkefnisstjórnin verði staðsettur á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og heyri undir embætti borgarritara.**

## Stefna um málefni miðborgar

Stefna um málefni miðborgar byggir á áskorunum og tækifærum miðborgar sem og samþykktum stefnum og stefnuákvæðum Reykjavíkurborgar\*. Í stefnunni eru skilgreind eftirfarandi leiðarljós: *heildstæð, allra, aðlaðandi, fjölbreytt, vel tengd og vistvæn miðborg.*

### HEILDSTÆÐ MIÐBORG

Reykjavíkurborg og hagsmunaaðilar ganga í takt og tala einni röddu í miðborginni sem kallar á: *Einfaldar og skýrar reglur og boðleiðir.*

*Skýra og skilvirka stjórnun og gott upplýsingaflæði.*

*Heildrænt skipulag og áætlanir byggðar á rannsóknum og greiningum sem unnar eru þvert á fagsvið og stjórnáslusvið borgarinnar.*

### MIÐBORG ALLRA

Í miðborginni ríkir jafnvægi og jafnræði þannig að fólk á öllum aldri getur notið miðborgarinnar óháð efnahagslegum, félagslegum og menningarlegum bakgrunni. Þetta felur í sér:

*Rödd allra:*

Opnar og gagnsæjar boðleiðir og samráðsleiðir um málefni miðborgarinnar til að virkja sem flesta til þátttöku í mótun miðborgarinnar.

*Ábyrgð allra:*

Efling íbúa, gesta, fasteignaeigenda og rekstaraðila í að rækta sitt miðborgarumhverfi.

*Hönnun fyrir alla:*

Þróun umhverfis, viðburða, vöru og þjónustu með og fyrir eins breiðan hóp af fólki og mögulegt er, óháð aldri, getu og fjárhag.

### AÐLAÐANDI MIÐBORG

Miðborgin er lifandi staður sem laðar að sér fólk og fjármagn. Það er gott að búa, starfa og vera gestur í miðborginni þar sem fólk ferðast auðveldlega um og upplifir sig öruggt. Áhersla er lögð á heildarásýnd miðborgarinnar, góða umgengni og umhirðu, heilnæmt umhverfi, hljóð- og loftgæði, náttúru- og umhverfisgæði sem og gæði miðborgarinnar sem felast í:

*öflugum íbúasamfélagi*

*litríku menningar- og mannlífi*

*lifandi sögu, byggða- og menningararfi*

*fjölbreyttri verslun, þjónustu og veitingastarfsemi*

*vönduðum arkitektúr*


### FJÖLBREYTT MIÐBORG

Miðborgin hefur ólík hlutverk og fullnægir mismunandi óskum og hagsmunum. Í miðborginni eru margbreytileg rými með ólíka ásýnd og eiginleika. Miðborgin er ákjósanlegur vettvangur fyrir fjölbreytta þjónustu fyrir íbúa og gesti miðborgarinnar. Forðast ber einsleitni í gerð verslana og þjónustu og sérstök áhersla er lögð á verslun og þjónustu sem uppfyllir þarfir íbúa ekki síður en gesta. Unnið verði að því að bæta innviði sem mæta aukningu ferðamanna en styrkja um leið samfélagið í miðborginni. Markvisst verði stuðlað að því að auka umsvif í ferðamennsku og uppbyggingu borgarinnar ýti ekki undir einsleitni og ryðji ekki burt þjónustu við íbúa og menningarstarfsemi.


### VEL TENGD OG VISTVÆN MIÐBORG

Í miðborginni er áhersla á vistvænar leiðir og lausnir. Miðborgin býr yfir sterkum, vel nýttum innviðum og hún er lifandi allan sólarhringinn. Vistvænar samgöngur og gangbær (walkable) miðborg er í forgangi. Áhersla er lögð á að umbreyta akstursæðum í miðborgarrými með fjölþætt hlutverk og bæta göngu- og hjólaaðgengi að höfninni og öðrum útírymum innan miðborgar. Milli ólíkra svæða í miðborginni eru sterk tengsl og hún er vel tengd við önnur svæði í borginni bæði samgöngulega, tæknilega, félagslega og menningarlega.

\*Sjá samantekt stefna og stefnuákvæða um miðborgina, í viðauka.



**Leiðarljós stefnu um málefni miðborgar**



## Leiðarljós og markmið

## Aðgerðaráætlun með stefnu um málefni miðborgar

### HEILDSTÆÐ MIÐBORG

- 1 Að móta, stofna og hafa umsjón með samráðsvettvangi um miðborgina (sjá nánar bls. 11).
- 2 Að undirbúa og undirrita Miðborgarsáttmála, samfélagssáttmála um miðborgina sem Reykjavíkurborg, íbúar rekstraraðilar, fasteignaeigendur og stofnanir í miðborginni eru aðilar að (sjá nánar bls. 17).
- 3 Að stofna og hafa umsjón með Miðborgarsjóði sem veitir styrki á grundvelli skilgreindra markmiða og áherslna sjóðsins (sjá nánar bls. 18).
- 4 Að efla miðborgartengdar rannsóknir og greiningar þvert á fagsvið og stjórnsýslusvið borgarinnar. Í því felst meðal annars að afla yfirsýnar, halda skrá yfir, miðla og gera tillögu um samræmingu og viðbætur við rannsóknir og greiningar á mannlífi, athöfnum, verslun, starfsemi, samgöngumátum, sögu, menningu, byggingararfi o.fl. í miðborginni.
- 5 Að halda miðlægt utan um og samræma skráningu starfsleyfa og rekstrarleyfa til að greiða aðgengi að upplýsingum og gögnum, sbr. *upplýsingastefna Reykjavíkurborgar*.
- 6 Að vinna aðgengilegar upplýsingar um umsóknir um mismunandi leyfi, skilyrði sem leyfin eru háð og ferli umsókna, sbr. *upplýsingastefna Reykjavíkurborgar*.
- 7 Að efla meðvitund rekstraraðila og eftirlitsaðila um einkenni mansals, vændis og annarra lögbrota til að koma í veg fyrir þau, sbr. *mannréttindastefna Reykjavíkurborgar*.
- 8 Að tala fyrir fjölgun tekjustofna borgarinnar vegna aukins ferðamannastraums, t.d. með gistináttgjaldi.
- 9 Að efla kynningu á upplýsingavef borgarinnar, ábendingavef og betri Reykjavík gagnvart miðborginni, sbr. *upplýsingastefna Reykjavíkurborgar*.
- 10 Að styrkja samfellu og gæði menningarmerkinga og efla þannig tengsl milli menningarstofnana og starfsemi þeirra, sbr. *AR2010-2030 Miðborg og Gæði byggðar og menningarstefna Reykjavíkurborgar*.

### MIÐBORG ALLRA

- 1 Að taka þátt í að innleiða aðgengisáætlun borgarinnar sem er í vinnslu á vegum stýrihóps um aðgengismál.
- 2 Að kortleggja umhverfi, vöru og þjónustu í miðborginni út frá öllum aldurshópum og fólki með fötlun, sbr. *mannréttindastefna Reykjavíkurborgar*.
- 3 Að setja reglur/samningsákvæði við verktaka varðandi uppbyggingu til að skýra skyldur og hámarks umfang verktaka á uppbyggingartíma í tíma og rými.
- 4 Að tryggja að framkvæmdaaðilar notist við forskrift um upplýsingamiðlun og útlit á meðan uppbyggingu stendur líkt og kveðið er á um í afnotaleyfum. Umhverfis- og skipulagssviði verði falið að útfæra leiðir til að framkvæmdir í miðborginni séu betur kynntar fyrir borgarbúum.
- 5 Að teikna upp samvinnu- og samskiptaleiðir milli Reykjavíkurborgar og hagsmunaaðila svo að betur megi styðja við frumkvæði þeirra sem vilja rækta og efla miðborgarumhverfið, sbr. *AR2010-2030, Skipulag vistvænna hverfa*.

### **FJÖLBREYTT MIÐBORG**

- 1** Að gera tillögu að þeim svæðum þar sem í gildi eru starfsemiskvótar m.t.t. markmiðs um fjölbreytni í miðborginni, unnið í samstarfi við umhverfis- og skipulagssvið og í tengslum við breytingar á *AR2010-2030, Miðborg*.
- 2** Að bæta við ákvæði í samningsmarkmið og skipulagsáætlanir í miðborginni þar sem kveðið er á um að aukin umsvif í ferðamennsku og uppbyggingu borgarinnar ýti ekki undir einsleitni og ryðji ekki burt mikilvægri þjónustu við íbúa og menningarstarfsemi s.s. tónleikastöðum, galleríum og söfnum.
- 3** Að efna til samstarfs borgaryfirvalda, fasteignaeigenda, íbúa og samfélags listamanna og skapandi greina í miðborginni um að finna leiðir til að viðhalda og efla listræna og skapandi starfsemi í miðborginni. Til dæmis með því að kanna möguleika á að skilgreina ákveðin svæði og rými sérstaklega undir slíka starfsemi.
- 4** Að kortleggja starfsemi, rými, viðburði, þjónustu og notendur miðborgarinnar m.t.t. þess að finna leiðir til þess að viðhalda og efla fjölbreytni í miðborginni.
- 5** Að kynna og setja fram á auðlesanlegan hátt upplýsingar um kvótasetningu í miðborg og hvaða markmiði hún þjónar. Unnið í samstarfi við umhverfis- og skipulagssvið.
- 6** Að kortleggja eignir borgarinnar í miðborg, þá starfsemi sem þar fer fram og skilgreina hlutverk þessara eigna m.t.t. þess að viðhalda og efla fjölbreytni í miðborginni.

### **AÐLAÐANDI MIÐBORG**

- 1** Að efla og fegra heildarásýnd miðborgar og í því augnamiði að virkja þátttöku hagsmunaaðila í því að bæta hreinlæti, umhirðu og umgengni í miðborginni.
- 2** Að gera samræmda áætlun um eflingu öryggis í miðborginni m.a. með rýmistengdum lausnum eins og lýsingu og stuðla að því að fleira fólk gangi um göturnar með því að styðja við fjölbreytta starfsemi á ólíkum tímum dagsins.
- 3** Að kanna möguleika á stækkun svæðis með skilmála um lifandi götuhliðar. Unnið í samstarfi við umhverfis- og skipulagssvið í tengslum við breytingar á *AR2010-2030, Miðborg*.
- 4** Að skoða erlend fordæmi um innleiðingu aðgerða sem koma í veg fyrir að íbúðar- og atvinnuhúsnæði standi autt lengur en ákveðinn tíma.
- 5** Að kortleggja og útfæra samræmda áætlun um að efla miðborgina sem rými fyrir leik, íþróttaiðkun, viðburði, listflutning, sköpun, útivist, og markaðsstarfsemi, þ.m.t. götu- og torgsölu, sbr. *AR2010-2030, Miðborg*.
- 6** Að gera samræmda áætlun um merkingar og skiltun (auðratanleg og áhugaverð miðborg) og vinna hönnunarstaðal fyrir götugögn, skilti og lýsingu í miðborg (aðlaðandi miðborg), sbr. *AR2010-2030, Gæði byggðar*.
- 7** Að efna til samstarfs um stefnumótun fyrir verslun í miðborginni m.t.t. staðbundinnar sérstöðu, samsetningu verslana, aðgengis, vöruframboðs, o.fl. og í því samhengi að kanna möguleika á að fylgja erlendum fordæmum um að takmarka rekstur stórra keðjuversluna innan ákveðinna svæða miðborgar.
- 8** Að auka og efla samráð hagsmunaaðila um viðhald og verndun byggðar sem og miðlun byggingararfs í miðborginni til að fylgja eftir markmiðum *AR2010-2030, Borgarvernd*.
- 9** Að stuðla að og hvetja til samkeppna um byggingar, skipulag, opin rými og vannýtt rými í miðborginni, þar sem samkeppnisform er skilgreint í samræmi við eðli og viðfang hvers verkefnis, sbr. *AR2010-2030, Gæði byggðar*.

## VEL TENGD OG VISTVÆN MIÐBORG

- 1** Að vinna samkvæmt skilgreindum markmiðum um vistvænar leiðir og lausnir með því að fylgja eftir að gerð verði heildræn samgöngu- og samgöngumátagreining og áætlun fyrir miðborgina á vegum umhverfis- og skipulagssviðs og skrifstofu eigna og atvinnuþróunar.
- 2** Að stuðla að því að götur í miðborg verði endurhannaðar með áherslu á að umbreyta hreinum akstursæðum í áhugaverð og gönguvæn miðborgarrými með fjölbreytt hlutverk sbr. *AR2010-2013, Vistvænni samgöngur og Gatan sem borgarrými.*
- 3** Að hvetja til betra göngu- og hjólaaðgengis með sterkum göngu- og hjólatenginum um alla miðborgina, sbr. *AR2010-2030, Miðborg og Vistvænni samgöngur.*
- 4** Að þróa núverandi sumargötur og göngugötur frekar og vinna framtíðarstefnu og áætlun um aðrar göngugötur, torg og grænar vinjar í miðborginni, sbr. *AR2010-2030, Miðborg og Gatan sem borgarrými.*
- 5** Að skilgreina viðmið og hvata fyrir umhverfisvænan rekstur, hugsun og hegðun í miðborginni. sbr. *AR2010-2030, Umhverfis- og auðlindastefna.*
- 6** Að taka þátt í innleiðingu snjallborgarhugmyndafræði í miðborginni í samstarfi við starfshóp um SMART cities og viðeigandi aðila innan stjórnslu Reykjavíkurborgar.
- 7** Að skoða möguleika á að samræma vöruafgreiðslutíma rekstraraðila víðar en á Laugavegi.
- 8** Að gera áætlun um samstillta (ekki endilega samræmda) opnunartíma verslana, sundstaða, veitingastaða o.s.frv. með það að markmiði að efla tengsl milli ólíkrar þjónustu og stuðla að lífi á ólíkum tímum sólarhrings, sbr. *AR2010-2030, Miðborg.*

## Nánar um einstakar aðgerðir:

### Samráðsvettvangur miðborgar

Efnt er til formlegs samráðs um miðborgina sem fer fram á samráðsvettvangi miðborgar. Markmið með samráðsvettvangnum er að skapa aukna yfirsýn og markvissari upplýsingamiðlun um málefni miðborgar og efla samhæfingu og samráð\* milli mismunandi hagsmunaaðila og ólíkra stjórnisýsluviða borgarinnar.

Samráðsvettvangurinn byggir á þremur ólíkum stigum samráðs, hálfsmánaðarlegu, árstíðabundnu og árlegu samráði. Áherslan samráðsins er, í fyrsta lagi, daglegt líf í miðborginni, í öðru lagi, miðborgarlandið og í þriðja lagi, stefna og framtíðarsýn um miðborgina.

Hálfsmánaðarlegir samráðsfundir eru jafnframt formlegir fundir verkefnisstjórnar miðborgar, sem ber ábyrgð á og situr alla fundi samráðsvettvangsins.


Að árstíðabundnu samráði koma, auk verkefnisstjórnar miðborgar, fulltrúar frá fagsviðum og fyrirtækjum borgarinnar og fulltrúar hagsmunasamtaka sem tengjast lífi og starfsemi í miðborginni.

Að árlegu samráði koma, þar til viðbótar, formenn fagraða borgarinnar, fulltrúar fagfélaga, fyrirtækja og stofnana í miðborg, sérfræðingar og slembiúrtak íbúa af áhrifasvæði miðborgar.

Samráðsvettvangurinn hefur ekki umboð til ákvarðana og er ekki afgreiðsluvettvangur. Þar fer ekki fram umfjöllun um einstaka mál sem eru í ferli innan borgarkerfisins. Hægt er að bera upp tillögur á samráðsvettvangnum sem borgarritari flytur áfram til borgarráðs/borgarstjóra til endanlegra ákvarðana og framkvæmda eftir umfjöllun og samþykkt í verkefnisstjórn. Gera skal grein fyrir afdrifum tillagna á sama vettvangi.

\*Hér er átt við samráð sem er umfram lögformlegt samráð á sviði skipulagsmála sem er og verður á verksviði umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar.





### Þrjú samráðsstig

Samráðsvettvangur miðborgar byggir á þremur samráðsstigum; hálfsmánaðarlegu, árstíðabundnu og árlegu samráði.

#### 1/ Hálfsmánaðarlegt samráð

Hálfsmánaðarlegir samráðsfundir eru jafnframt formlegir fundir verkefnisstjórnar miðborgar sem ber ábyrgð á og situr alla fundi samráðsvettvangsins.

Verkefnisstjórnin er skipuð tíu fulltrúum frá Reykjavíkurborg:  
Borgarritari (1), MOF (1), USK (4), VEL (1), MAR (1), SEA (1), Upplýsinga- og vefdeild (1)

og níu áheyrnarfulltrúum:  
Miðborgin okkar (2), SAF (2), Fasteignaeigendur í miðborg (1), Íbúasamtök Miðborgar (1), Íbúasamtök Vesturbæjar (1), BÍL (1), Lögregla (1)

Fulltrúar Slökkviliðs og Heilbrigðiseftirlits vinna náið með verkefnisstjórn miðborgar- mála og taka reglulega þátt í fundum hennar.

#### 2/ Árstíðabundið samráð

Auk fulltrúa hálfsmánaðarlegs samráðs eru eftirfarandi aðilar að árstíðabundnu miðborgarsamráði:

USK (3-5), ÍTR (1), SFS (1), Borgarsögusafn (1), Listasafn Reykjavíkur (1), Hverfisráð Miðborgar (1), Hverfisráð Vesturbæjar (1), Hverfisráð Hlíða (1), Faxaflóahafnir (1), Slökkvilið (1), Bílastæðasjóður (1)


Stjórnarráð Íslands (1), SVP (1), ÖBÍ (1), Hönnunarmiðstöð (1)  
Viðburðahaldarar og framkvæmda- aðilar eru kallaðir inn á samráðsfundi eftir atvikum.

#### 3/ Árlegt samráð

Auk fulltrúa árstíðabundins samráðs eru eftirfarandi aðilar þátttakendur í árlegu miðborgarsamráði:

Formenn fagráða Reykjavíkurborgar, fulltrúar fagfélaga, fyrirtækja og stofnana í miðborg, sérfræðingar, slembiúrtak íbúa af miðborgarsvæði.

## SAMRÁÐSVETTANGUR MIÐBORGAR: FYRIRKOMULAG OG FULLTRÚAR



**DAGLEGT MIÐBORGARLÍF**

- # Mannlíf og næturlíf
- # Umgengni og umhirða
- # Byggingarsvæði og staða framkvæmda
- # Ferðir fólks
- # Ásýnd
- # Öryggi

**MIÐBORGARLAND**

- # Leyfisveitingar og eftirlit
- # Stærri framkvæmdir
- # Starfsemi
- # Viðburðir

**STEFNA OG SÝN**

- # Áskoranir og tækifæri
- # Styrkleikar og veikleikar
- # Markmið og leiðir

**SAMRÁÐSVETTIVANGUR MIÐBORGAR:  
ÁHERSLUR OG DÆMI UM UMFJÖLLUNAREFNI**

## Hálfsmánaðarlegt samráð

Áhersla hálfsmánaðarlegs samráðs er daglegt miðborgarlíf; umgengni, umhirða, mannlíf og næturlíf.

Dæmi um mál sem gætu verið til umræðu eða kynnt á hálfsmánaðarlegum samráðsfundum:

- # Ferðir fólks
- # Skemmtanahald og næturlíf
- # Umgengni rekstaraðila
- # Hreinsun og umhirða
- # Ásýnd götugagna
- # Staða á framkvæmdasvæðum
- # Nýjar framkvæmdir og staða nýframkvæmda
- # Afnotaleyfi
- # Vísbendingar um vændi, mansal og önnur lögbrot
- # Öryggismál

Verkefnisstjóri miðborgarmála undirbýr samráðsfundi, heldur fundargerð og skoðar stöðu og farveg fyrir mál sem koma til umræðu.

### Formlegur tillöguréttur

Hægt er að bera upp tillögur á samráðsvettvangnum, sem borgarritari flytur áfram til borgarráðs/borgarstjóra eftir umfjöllun og samþykkt í verkefnisstjórn. Gera skal grein fyrir afdrifum tillagna á sama vettvangi.

### Aðilar að hálfsmánaðarlegu samráði

Hálfsmánaðarlegir samráðsfundir eru jafnframt formlegir fundir verkefnisstjórnar miðborgar, sem ber ábyrgð á og situr alla fundi samráðsvettvangsins.

*Fulltrúar Reykjavíkurborgar, skipaðir af borgarráði:*

Borgarritari (1)

Menningar- og ferðamálasvið, MOF (1), forstöðumaður Höfuðborgarstofu

Umhverfis- og skipulagssvið, USK (4), deildarstjóri borgarhönnunar, fulltrúi skipulagsfulltrúa

sem vinnur að miðborgarverkefnum, deildarstjóri hverfastöðvar vestur, byggingarfulltrúi

Velferðarsvið, VEL (1), framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða

Mannréttindaskrifstofa, MAR (1), Mannréttindastjóri

Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar, SEA (1), verkefnisstjóri miðborgarverkefna

Upplýsinga- og vefdeild (1) upplýsingastjóri

*Eftirfarandi hagsmunaaðilar tilnefna áheyrnarfulltrúa í verkefnisstjórn:*

Miðborgin okkar (2)

SAF (2), annar fulltrúi skal vera úr hópi veitingaaðila í miðborginni

Fasteignaeigendur í miðborg (1), lagt er til að fasteignaeigendur komi sér saman um fulltrúa þar til stofnuð verða samtök fasteignaeigenda í miðborginni sem getur þá tilnefnt fulltrúa.

Íbúasamtök Miðborgar (1)

Íbúasamtök Vesturbæjar (1)

BÍL (1)

Lögregla (1)

Fulltrúar Heilbrigðiseftirlits vinna náið með verkefnisstjórn miðborgarmála og taka reglulega þátt í hálfsmánaðarlegu samráði.

### **Árstíðabundið samráð**

Áhersla árstíðabundins samráðs er miðborgarlandið: leyfisveitingar og eftirlit, starfsemi, framkvæmdir og viðburðir. Viðamikili óformlegt samráð er þegar fyrir hendi í tengslum við framkvæmdir, uppbyggingu, viðburði o.fl. í miðborginni. Með samráðsvettvangi miðborgar kemur hluti af óformlegu samráði til með að falla undir formlegt samráð um miðborgina.

Dæmi um mál sem gætu verið til umræðu eða kynnt á árstíðabundnum samráðsfundum:

- # Ný veitinga- og gistileyfi
- # Göngugötuskipulag
- # Torg- og götusöluleyfi
- # Skipulagning og framkvæmd viðburða
- # Miðborgartengdar rannsóknir og kannanir
- # Stærri framkvæmdir
- # Umfangsmeiri skipulagsmál

Verkefnisstjóri undirbýr samráðsfundi, heldur fundargerð og skoðar stöðu og farveg fyrir mál sem koma til umræðu

### **Formlegur tillögur:**

Hægt er að bera upp tillögur á samráðsvettvangnum, sem borgarritari flytur áfram til borgarráðs/borgarstjóra eftir umfjöllun og samþykkt í verkefnisstjórn. Gera skal grein fyrir afdrifum tillagna á sama vettvangi.

### **Aðilar að árstíðabundnu samráði:**

Auk fulltrúa hálfsmánaðarlegs samráðs eru eftirfarandi fulltrúar Reykjavíkurborgar aðilar að árstíðabundnu samráði:

Umhverfis- og skipulagssvið, USK (3-5 eftir atvikum) skipulagsfulltrúi, skrifstofustjóri reksturs og umhirðu og fulltrúar

heilbrigðiseftirlits, umhverfisgæða og framkvæmda og viðhalds.

Íþrótt- og tómstundasvið, ÍTR (1)

Skóla- og frístundasvið, SFS (1)

Faxaflóahafnir (1)

Borgarsögusafn (1), forstöðumaður

Listasafn Reykjavíkur (1), forstöðumaður

Bílastæðasjóður  
Slökkvilið

Hverfisráð Miðborgar (1)  
Hverfisráð Vesturbæjar (1)  
Hverfisráð Hlíða (1)

*Fulltrúar hagsmunaaðila:*

Miðborgin okkar (2)  
Íbúasamtök Miðborgar (1)  
Íbúasamtök Vesturbæjar (1)  
Íbúasamtök Hlíða (1)  
Lögregla (1)  
Samtök verslunar og þjónustu, SVF (1)  
Bandalag íslenskra listamanna, BÍL (1)  
Hönnunarmiðstöð (1)  
Fulltrúi fasteignaeiganda (1)  
Slökkvilið (1)  
Stjórnarráð Íslands (1)  
Öryrkjabandalag Íslands, ÖBÍ (1)

Viðburðahaldarar og framkvæmdaaðilar eru kallaðir inn á samráðsfundi eftir atvikum.

### **Árlegt samráð**

Áhersla árlegs samráðs er framtíðarstefna og framtíðarsýn; áskoranir og tækifæri í miðborginni. Árlegt samráð verður í anda samráðsfundar um miðborgina sem stýrihópur um málefni miðborgar stóð fyrir í Iðnó í nóvember 2015.

### **Formlegur tillöguréttur:**

Hægt er að bera upp tillögur á samráðsvettvangnum sem borgarritari flytur áfram til borgarráðs/borgarstjóra eftir umfjöllun og samþykkt í verkefnisstjórn. Gera skal grein fyrir afdrifum tillagna á sama vettvangi.

### **Aðilar að árlegu samráði:**

Þátttakendur í árlegu samráði eru sömu aðilar og taka þátt í árstíðabundnu samráði að viðbættum formönnum fagraða borgarinnar, sem og sérfræðingum, fulltrúum fagfélaga, fyrirtækja og stofnana í miðborginni. Auk þess er hópi íbúa af miðborgarsvæði sem valinn er með slembiúrtaki boðin þátttaka í samráðinu.

## Miðborgarsáttmáli

Í stefnu um málefni miðborgar eru skilgreind leiðarljós fyrir framtíðarþróun miðborgarinnar sem *heildstæð, allra, fjölbreytt, aðlaðandi og vistvæn miðborg*.

Reykjavíkurborg gegnir forystuhlutverki þegar kemur að því að halda utan um skipulag og leikreglur og mæla árangur af aðgerðum sem byggja á þessum leiðarljósum. Íbúar, fasteigna-eigendur, rekstraraðilar og stofnanir í miðborginni gegna einnig mikilvægu hlutverki í aðgerðunum. Fjöldi aðila leggur nú þegar sitt af mörkum en þörf er á að gera enn betur. Í því skyni hafa íbúar, fasteignaeigendur, rekstraraðilar, forsvarsmenn stofnana og Reykjavíkurborg staðfest Miðborgarsáttmála, samstarfssáttmála um miðborgina. Aðilar að sáttmálanum gera sér grein fyrir ábyrgð sinni gagnvart miðborginni og er aðild að Miðborgarsáttmálanum yfirlýsing um vilja til að axla ábyrgð, að styrkja stöðu sína í miðborginni og skapa ný tækifæri til framtíðar. Áhersla er á gagnkvæma virðingu aðila sáttmálans og heilindi í samstarfi um að vinna samkvæmt eftirfarandi leiðarljósum og markmiðum stefnu um málefni miðborgar:

### Heildstæð miðborg

Reykjavíkurborg gegnir forystuhlutverki þegar kemur að því að safna, greina og miðla upplýsingum um stöðu, rannsóknir, áætlanir, reglur og framkvæmdir í miðborginni og heldur utan um samráð milli ólíkra aðila. Aðilar Miðborgarsáttmálans leggja sig fram um að upplýsa og fræða gesti, nágretta og samstarfsfólk um markmið og aðgerðir sem sáttmálinn byggir á sem og að tala fyrir sameiginlegum markmiðum um miðborgina.

### Miðborg allra

Aðilar Miðborgarsáttmálans vinna saman að því að fólk á öllum aldri geti notið miðborgarinnar óháð efnahagslegum, félagslegum og menningarlegum bakgrunni. Reykjavíkurborg gegnir forystuhlutverki þegar kemur að því að bæta aðgengi fyrir alla í miðborginni skv. stefnu um aðgengi að borgarlandinu. Aðilar miðborgarsáttmálans gera sér grein fyrir samábyrgð um aðgengi fyrir alla og taka saman höndum um að bæta það.

### Aðlaðandi miðborg

Aðilar Miðborgarsáttmálans stuðla saman að því að miðborgin sé góður gestgjafi þar sem öflugt samfélag, saga, menning og vandað umhverfi eru í fyrirrúmi. Áhersla er á að efla miðborgina sem rými fyrir lifandi menningar- og mannlíf, verslun, þjónustu og útivist. Ásýnd miðborgar er sameiginleg ábyrgð aðila Miðborgarsáttmálans. Í sáttmálanum er lögð sérstök áhersla á góða umgengni og umhirðu sem aðilar sáttmálans leggja sig fram um að sýna í verki auk þess að taka þátt í samræmdri áætlun um eflingu öryggis í miðborginni.

### Fjölbreytt miðborg

Fjölbreytt rými, mannlíf, starfsemi og þjónusta eru lykilæði í miðborginni. Reykjavíkurborg gegnir forystuhlutverki þegar kemur að því að stuðla að og vernda fjölbreytni í miðborginni, meðal annars með skipulagsákvæðum. Aðilar að miðborgarsáttmála axla ábyrgð og taka þátt í að halda miðborginni fjölbreyttri, meðal annars með því að sýna frumkvæði og fjárfesta með tilliti til þess að viðhalda og efla fjölbreytni miðborgarinnar.

### Vistvæn miðborg

Áhersla er á umbætur í umhverfismálum, virðingu fyrir umhverfinu og sýna aðilar sáttmálans slíkt í verki m.a. með því að draga úr úrgangi, auka endurvinnslu, fylgja lögum og reglugerðum um umhverfismál og ganga lengra þar sem það á við. Aðilar að Miðborgarsáttmála sammælast um að taka þátt í áætlun um samstillta opnunartíma verslana, sundstaða, veitingastaða o.s.frv. með það að markmiði að efla tengsl milli ólíkrar þjónustu og tryggja líf í miðborginni á ólíkum tímum sólarhrings.

## Miðborgarsjóður

Stofnaður verður Miðborgarsjóður\* sem veitir styrki á grundvelli skilgreindra markmiða og áherslna sjóðsins:

### Markmið Miðborgarsjóðs

- 1 Að efla hagsmuna- og grasrótarsamtök sem vinna að eflingu miðborgar og eru í samræmi við miðborgarstefnu.
- 2 Að stuðla að því að miðborgin sé áhugaverður og spennandi áfangastaður fyrir íbúa borgarinnar og landsmenn alla ekki síður en erlenda gesti.
- 3 Að stuðla að fjölbreytni í miðborginni.

### Styrkir og þjónustusamningar

- 1 Hægt er að veita verkefnastyrki til hagsmuna- og grasrótarsamtaka, hópa, einstaklinga og fyrirtækja sem vinna að eflingu miðborgarinnar og eru í samræmi við stefnu um málefni miðborgar.
- 2 Hægt er að gera þjónustusamninga til allt að 3ja ára um rekstur eða viðvarandi verkefni hagsmuna- og grasrótarsamtaka, hópa og einstaklinga sem vinna að eflingu miðborgarinnar og eru í samræmi við stefnu um málefni miðborgar.
- 3 Hægt er að veita styrki til rannsókna og greiningar á miðborginni í samræmi við markmið AR2010-2030 um að greina, skrá og vinna úr upplýsingum um þróun miðborgarinnar.

\*Gert er ráð fyrir að Miðborgarsjóður úthluti allt að 30 milljónum króna árlega. Þessi tala er heldur hærri en sú upphæð sem veitt er með beinum hætti til þjónustusamninga í miðborginni í dag. Ljóst er að meiri þörf er á fjármagni til rannsókna og greininga á miðborginni og að með breyttu fyrirkomulagi mun hlutverk mismunandi hagsmunaðila taka breytingum frá því sem nú er.

## Verkefnisstjórn miðborgarmála

Skipuð verður verkefnisstjórn miðborgarmála til þriggja ára. Verkefnisstjórnin gerir starfs- og verkefnaáætlun til eins árs í senn. Árlega gerir verkefnisstjórnin einnig úttekt á störfum sínum og einstaka verkefnum og leggur fyrir borgarráð. Borgarráð metur í framhaldi hvort ástæða sé til þess að endurskoða fyrirkomulag og tilhögun einstakra verkefna verkefnisstjórnar. Að þremur árum liðnum verður fyrirkomulag verkefnisstjórnarinnar og verkefni hennar í heild sinni endurmetin og endurskoðuð.

### Samsetning og samskipti

Tíu fulltrúar eiga sæti í verkefnisstjórn miðborgarmála auk níu áheyrnarfulltrúa og verkefnisstjóra miðborgarmála.

Borgarritari er formaður verkefnisstjórnar miðborgarmála og jafnframt talsmaður miðborgar.

Auk borgarritara er verkefnisstjórnin skipuð fulltrúum frá:

Menningar og ferðamálasvið (1), forstöðumaður Höfuðborgarstofu sem er jafnframt varaformaður stjórnar og staðgengill formanns.

Umhverfis- og skipulagssvið (4), deildarstjóri borgarhönnunar, deildarstjóri hverfastöðvar vestur, byggingarfulltrúi, fulltrúi skipulagsfulltrúa sem vinnur með málefni í miðborginni.

Velferðarsvið (1), framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða

Mannréttindaskrifstofa (1), mannréttindastjóri.

Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar (1), verkefnisstjóri miðborgarverkefna.

Upplýsinga- og vefdeild (1), upplýsingastjóri.

Í verkefnisstjórn miðborgarmála eru tilnefndir níu áheyrnarfulltrúar eftirfarandi aðila:

Miðborgin okkar (2)

Íbúasamtök Miðborgar (1)

Íbúasamtök Vesturbæjar (1)

Fasteignaeigendur (1), lagt er til að fasteignaeigendur komi sér saman um fulltrúa þar til þeir hafa stofnað samtök fasteignaeigenda í miðborg sem getur þá tilnefnt fulltrúa

SAF (2), annar fulltrúi skal vera úr hópi veitingaaðila í miðborginni

BÍL (1)

Lögreglan (1)

Fulltrúar Slökkviliðs og Heilbrigðiseftirlits vinna náið með verkefnisstjórn miðborgarmála og taka reglulega þátt í fundum hennar.

### Hlutverk einstakra fulltrúa í verkefnisstjórn

Fulltrúar verkefnisstjórnar taka þátt í öllum formlegum samráðsfundum samráðsvettvangs miðborgar. Að formanni verkefnisstjórnar undanskildum ber sérhver fulltrúi í verkefnisstjórninni ábyrgð á ákveðnum og skilgreindum þáttum í aðgerðaráætlun í samstarfi við verkefnisstjórnina. Sérhver fulltrúi í verkefnisstjórn sér um að miðla upplýsingum milli verkefnisstjórnar og síns sviðs innan borgarinnar varðandi ákvarðanir, rannsóknir og framkvæmdir í miðborginni. Borgarritari miðlar sjónarmiðum og verkefnum af vettvangi verkefnisstjórnar innan nefnda og stjórnarsýslu borgarinnar til endanlegra ákvarðana og framkvæmda. Borgarritari ber ábyrgð á að koma með formlegum hætti fram tillögum og aðgerðum sem verkefnisstjórn hefur fjallað um og samþykkt að skuli fá fekari umfjöllun. Tillögum skal skila beint til borgarráðs/borgarstjóra eftir því sem við á.



**Hlutverk áheyrnarfulltrúa í verkefnisstjórn:**

Áheyrnarfulltrúar verkefnisstjórnar eru boðaðir á alla formlega fundi og hafa tillögurétt. Sérhver áheyrnarfulltrúi í verkefnisstjórn sér um að miðla upplýsingum milli verkefnisstjórnar og síns baklands varðandi áskoranir, ákvarðanir, rannsóknir og framkvæmdir í miðborginni. Áheyrnarfulltrúar miðla sjónarmiðum og verkefnum verkefnisstjórnar til síns baklands.

**Ábyrgðasvið verkefnisstjórnar miðborgar**

- 1 Að efla samráð og samtal milli ólíkra aðila sem koma að málefnum miðborgar bæði innan stjórnkerfis og utan.
- 2 Að tryggja reglubundin samskipti við rekstraraðila og aðra hagsmunaaðila miðborgar.
- 3 Að efla samvinnu um miðborgina.
- 4 Að hafa yfirsýn yfir og efla samræmdar rannsóknir og greiningu um málefni miðborgar, sem eru unnar þvert á svið borgarinnar og í samstarfi við ólíka sérfræðinga og stofnanir.
- 5 Að stuðla að skilvirkara upplýsingaflæði um stefnu, regluverk, áætlanir og aðgerðir í málefnum miðborgar.
- 6 Að efla og samræma upplýsingamiðlun um þjónustu, starfsemi og styrkjamöguleika til eflingar miðborginni. Að leiðbeina um mögulega aðkomu borgarinnar að styrkveitingum til dæmis í gegnum Miðborgarsjóð.
- 7 Að tryggja aðgengi almennings að upplýsingum um framkvæmdir í miðborg.
- 8 Að sinna óformlegu gæðaeftirliti í miðborginni með sýnileika og samtali.

**Helstu verkefni verkefnisstjórnar miðborgar**

- 1 Að fylgja eftir samþykktri stefnu og aðgerðaráætlun um málefni miðborgar.
- 2 Að halda utan um samráðsvettvang miðborgar sem er vettvangur fyrir reglulegt, formlegt samráð Reykjavíkurborgar og hagsmunaaðila um málefni miðborgar.
- 3 Að koma á samfélagssáttmála um málefni miðborgar.
- 4 Að halda utan um styrkveitingar úr Miðborgarsjóði.
- 5 Að koma á og halda utan um þjónustusamninga um miðborgina milli Reykjavíkurborgar og rekstraraðila, fasteignaeigenda og íbúa.
- 6 Að miðla samræmdum upplýsingum um miðborgina til og gegnum upplýsingaveitur Reykjavíkurborgar og leiðbeina þjónustuveri um svörun varðandi málefni miðborgar.
- 7 Að halda utan um vinnu við að skýra reglur og boðleiðir sem snúa að málefnum miðborgar. Í því felst m.a. samskiptagreining milli hagsmunaaðila/eininga í því augnamiði að samræma upplýsingagjöf og tryggja að þeir sem koma að samráðsvettvangnum þekki og skilji stafssvið hvers annars.

## Verkefnisstjóri miðborgarmála

Ráðinn verður verkefnisstjóri sem starfi með verkefnisstjórn miðborgarmála. Verkefnisstjórinn starfi á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og heyri undir embætti borgarritara.

### Ábyrgðasvið verkefnisstjóra miðborgarmála

Verkefnisstjóri miðborgarmála vinnur í umboði borgarritara og í samstarfi við verkefnisstjórn miðborgarmála að framgangi verkefna verkefnisstjórnar.

### Helstu verkefni verkefnisstjóra miðborgarmála

- 1 Undirbýr og situr fundi verkefnisstjórnar miðborgarmála og er verkefnisstjóri hennar.
- 2 Útfærir markmið og vinnur tíma- og starfsáætlun verkefnisstjórnar í samvinnu við verkefnisstjórn.
- 3 Heldur utan um fjárhagsramma og fjárreiður verkefnisstjórnar.
- 4 Undirbýr og heldur utan um reglulega samráðsfundi samráðsvettvangs miðborgar í samstarfi við verkefnisstjórn. Skipuleggur, boðar til funda og ritar fundargerðir. Kannar stöðu á verkefnum sem koma upp á samráðsfundum og finnur málum farveg.
- 5 Tekur á móti ábendingum og erindum er varða miðborgina, kannar stöðu á þeim og svarar/ miðlar áfram inn í verkefnisstjórn miðborgar og/eða samráðsvettvang miðborgar sem tekur ábendingarnar fyrir.
- 6 Hefur umsjón með samstarfs- og þjónustusamningum við hagsmunaaðila miðborgar.
- 7 Utanumhald um Miðborgarsjóð.
- 8 Er tengiliður við rekstrar- og hagsmunaaðila, borgarstofnanir og stofnanir utan borgar um málefni miðborgar.
- 9 Er til ráðgjafar sviðum borgarinnar sem vinna verkefni og áætlanir á vettvangi miðborgar.
- 10 Mælir árangur af starfi verkefnisstjórnar miðborgar.
- 11 Leiðbeinir þjónustuveri Reykjavíkurborgar um málefni miðborgar. Fylgist með og sér til þess að þjónustuver hafi þær upplýsingar sem þarf til að svara spurningum er tengjast miðborginni.
- 12 Kemur upplýsingum til upplýsinga- og vefdeildar Reykjavíkur og sér til þess að upplýsingar um miðborgina séu skýrar og aðgengilegar.
- 13 Sinnir óformlegu gæðaeftirliti í miðborginni með samtali og sýnileika í miðborginni.
- 14 Er í óformlegum samskiptum við hagsmunaaðila á vettvangi í miðborginni.
- 15 Gerir drög að árlegri úttekt á verkefnum verkefnisstjórnar.

### Hæfniskröfur verkefnisstjóra

Færni í samskiptum og samvinnu  
Sjálfstæð og skapandi vinnubrögð  
Leiðtogahæfileikar  
Miðlunarhæfileikar  
Greiningarhæfileikar  
Reynsla af verkefnisstjórnun

Hæfniskröfur verkefnisstjóra varðandi menntun skal skilgreina út frá ofanefndu.

## Viðaukar

1. Stýrihópur um málefni miðborgar, yfirlit
2. Stýrihópur um málefni miðborgar, erindisbréf
3. Samráðsferli: stutt samantekt
4. Umsagnarferli
5. Málefni miðborgar, sögulegt yfirlit
6. Samantekt stefnumörkunar og stefnuákvæða um miðborgina
7. Fyrirhuguð breyting á Aðalskipulagi Reykjavíkur, miðborg
8. Ferlar, skráning og regluverk vegna leyfisveitinga í veitinga- og gistiþjónustu

## **Viðauki 1**

### *Stýrihópur um málefni miðborgar, yfirlit*

Stýrihópur um málefni miðborgar var skipaður með embættisbréfi borgarstjóra frá 11. febrúar 2015. Stýrihópurinn skipa:

S. Björn Blöndal (formaður)

Áslaug María Friðriksdóttir

Börkur Gunnarsson

Kristín Soffía Jónsdóttir

Pórgnýr Thoroddsen

Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir tók síðar sæti í hópnum.

Stýrihópurinn fundaði alls 21 sinnum á tímabilinu 12. febrúar 2015 - 7. október 2016.

Eftirfarandi embættismenn tóku þátt í vinnu stýrihópsins og sátu fundi hans:

Anna Kristinsdóttir, mannréttindastjóri

Einar Bárðarson og síðar Áshildur Bragadóttir, forstöðumaður Höfuborgarstofu

Helga Björk Laxdal, skrifstofustjóri borgarstjórnar

Óli Örn Eiríksson, deildarstjóri atvinnuþróunar, skrifstofa eigna og atvinnuþróunar

Svavar Józefsson, verkefnastjóri stjórnsýslu- og gæðamála, skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Hildur Gunnlaugsdóttir, verkefnisstjóri borgarhönnunar, umhverfis- og skipulagssvið

Sæunn Ósk Unnsteinsdóttir, verkefnastjóri umhverfisátaks miðborgar,

umhverfis- og skipulagssvið

Eftirfarandi voru gestir á fundum stýrihópsins:

Guðjóna Björk Sigurðardóttir, Guðmundur Vignir Óskarsson, Haraldur Sigurðsson, Halldóra

Hrólfsdóttir og Jón Kjartan Ágústsson, starfsmenn umhverfis- og skipulagssviðs

Svanhildur Konráðsdóttir, sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs

Edda Ólafsdóttir, sérfræðingur innflytjendamála, flóttamanna og hælisleitenda,

Reykjavíkurborg

Kolbrún Jónatansdóttir, framkvæmdastjóri Bílastæðasjóðs

Jakob Frímagn Magnússon, framkvæmdastjóri, Miðborgin okkar

Sverrir Sverrisson, þv. formaður Íbúasamtaka miðborgar

Emil B. Karlsson, forstöðumaður Rannsóknarseturs verslunarinnar

Sverrir Bollason, umhverfisverkfræðingur, VSÓ

Alda Hrönn Jóhannsdóttir, aðallögfræðingur hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu

Ráðgjafi stýrihópsins og ritstjóri skýrslu hópsins:

Anna María Bogadóttir, menningarfræðingur og arkitekt FAÍ

## Viðauki 2

*Stýrihópur um málefni miðborgar, erindisbréf*

# ERINDISBRÉF

**Stýrihópur um málefni miðborgarinnar**

### Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

### Hlutverk:

Mikill uppgangur og uppbygging hefur átt sér stað á ýmsum stöðum í miðborg Reykjavíkur og grennd hennar sl. ár og mikil framkvæmdaár framundan, bæði í íbúðabyggingum og ferðaþjónustutengdri uppbyggingu. Sérstök umfjöllun er um miðborgina í aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 og þá er stefnt að því að vinna deiliskipulag fyrir Kvos og hverfisskipulag fyrir miðborg. Samhliða þessum verkefnum þarf að huga að utanumhaldi um málefni miðborgarinnar í stjórnkerfi Reykjavíkurborgar, fyrirkomulagi samráðs og samstarfs við íbúa og hagsmunaaðila, markaðssetningu (branding) og fleira.

Stýrihópnum er ætlað að skoða núverandi fyrirkomulag og stefnuþætti og gera tillögu að framtíðarfyrirkomulagi, ásamt markmiðum og stefnumiðum Reykjavíkurborgar gagnvart miðborginni, m.a. á grundvelli greiningar á styrkleikum, veikleikum, tækifærum og ógnum fyrir hvert hlutverk/verkefni og umfjöllunar um helstu valkosti varðandi markmið og leiðir.

Við vinnu sína skilgreini stýrihópurinn helstu samstarfs- og hagsmunaaðila í málefnum miðborgar sem og svæðismörk miðborgar sem tillögur hópsins taka til.

### Helstu verkefni:

- Íbúabyggð í miðborginni.
- Miðstöð stjórnsýslu í landinu.
- Menningarstarfsemi í miðborginni.
- Hafnarsvæðið í miðborginni.
- Ferðamenn og ferðaþjónustan í miðborginni.
- Verslun og þjónusta í miðborginni.
- Veitingarekstur og leyfisveitingar.
- Samgöngur í miðborginni.
- Viðburðir og fyrirkomulag viðburðastjórnunar.
- Velferðamál og útigangsfólk.
- Ímynd, almannatengsl og upplýsingagjöf.
- Öryggi og skemmtanahald í miðborginni.
- Ásýnd miðborgar: Hreinsun, sorphirða og götugögn (s.s.lýsingar, salernisaðstaða og sorpílát).
- Umhverfismál– sjálfbær miðborg.
- Samstarf og samráð um rekstur og málefni miðborgar.

### Stýrihópin skipa:

S. Björn Blöndal (formaður), Kristín Soffía Jónsdóttir, Þórgnýr Thoroddsen, Börkur Gunnarsson og Áslaug María Friðriksdóttir.

**Með hópnum starfi:**

Helga Björk Laxdal, skrifstofustjóri borgarstjórnar.  
Anna Kristinsdóttir, mannréttindastjóri.  
Svavar Józefsson, skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.  
Óli Örn Eiríksson, skrifstofu eigna og atvinnuþróunar.  
Einar Bárðarson, forstöðumaður Höfuðborgarstofu.  
Hildur Gunnlaugsdóttir, umhverfis- og skipulagssviði.

**Verkefnastjóri:**

Ráðinn verði ráðgjafi sem sinnir starfi verkefnastjóra hópsins.

**Efni til hliðsjónar:**

Stýrihópurinn skoði erlendar fyrirmyndir um miðborgarstefnu og rekstur miðborga og taki mið af fyrri stefnumótun Reykjavíkurborgar, t.a.m. kafla um miðborgina í Aðalskipulagi Reykjavíkurborgar 2010-2030, atvinnustefnu, húsnæðisstefnu, menningarstefnu, ferðamálastefnu, hjólaborgin Reykjavík, Reykjavík í mótun – Stefnumótun í átt að sjálfbæru samfélagi, samgöngustefnu og umhverfis- og auðlindastefnu. Þá hafi hópurinn til hliðsjónar fyrri samantektir og stefnumörkun í málefnum miðborgar, t.a.m. „Reykjavík – betri miðborg allan sólarhringinn“ frá janúar 2008 og stöðuskýrslu aðgerðahóps um miðborg Reykjavíkur frá júní 2008.

**Til ráðgjafar og samstarfs:**

Stýrihópurinn vinni sérstaka áætlun um samráð við íbúasamtök, hagsmunaaðila í verslun og þjónustu og aðra rekstraraðila í miðborginni, við hverfisráð miðborgar og Hlíða, hverfisráð vesturbæjar, sem og við opinbera aðila á borð við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu, slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, Strætó bs. og handhafa ríkisvalds þar sem við á. Að auki leiti stýrihópurinn ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu og skilgreini aðra samstarfsaðila sem leita þarf samráðs við.

**Starfstímabil:**

Stýrihópur skili ábyrgðarmanni niðurstöðum fyrir 1. desember 2015.

Reykjavík, 11. febrúar 2015

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

„Reykjavík – betri miðborg allan sólarhringinn“. Tillögur samráðshóps um betri miðborg. Janúar 2008.  
Aðgerðarhópur – Miðborg Reykjavíkur. Stöðuskýrsla júní 2008.  
Samþykkt stefnumörkun Reykjavíkurborgar, sjá: <http://reykjavik.is/samthykkt-stefnumorkun>.

## **Viðauki 3**

### ***Samráðsferli: stutt samantekt***

Samráðsferli í tengslum við vinnu stýrihóps um málefni miðborgar var í tveimur hlutum. Fyrri hluti samráðsferlis var spurningakönnun og síðari hluti umræðufundur með hagsmunaaðilum. Um 110 aðilar voru kallaðir til samráðsins, þar af 40 íbúar af miðborgarsvæði sem voru valdir með slembiúrtaki og u.þ.b. 70 fulltrúar eftirfarandi aðila:

*Rekstraraðilar í miðborg*

*Stofnanir og félagasamtök sem tengjast miðborg*

*Uppbyggingaraðilar og verktakar með verkefni í miðborg*

*Sérfræðingar og fagfélög á sviðum sem snerta miðborgina*

#### **1. Spurningakönnun**

Svarhlutfall úr könnuninni var tæplega 40%.

#### **Mikilvægustu hlutverk miðborgar að mati svarenda könnunar:**

*Menning og mannlíf*

*Miðborg fyrir alla: fjölbreyttur samkomustaður, hjarta og segull*

*Búseta, íbúðabyggð og samfélag*

*Verslun, veitingar, viðskipti og þjónusta*

*Saga, stjórnsýsla, menntun*

#### **Helstu tækifæri í miðborginni að mati svarenda könnunar:**

*Efla skapandi krafta, menningu og mannlíf*

*Vernda sérkenni og staðaranda*

*Uppbygging og þétting*

*Efla verslun*

*Ferðaþjónusta*

*Hönnun og betrubætur*

*Aukið skjól*

*Fleiri grænar vinjar*

#### **Helstu áskoranir að mati svarenda könnunar:**

*Stýring miðborgarinnar; samráð og samvinna*

*Vaxtaverkir/uppbygging um leið og haldið er í karakter og gæði*

*Fjölbreytileiki*

*Sambýli ferðamanna og íbúa*

*Verðlag - of dýr miðborg*

*Aðgengi (vistvænir ferðamátar, almenningsamgöngur, hjólastæði, bílastæði o.fl.)*

#### **Hvað má betur fara að mati svarenda könnunar:**

*Ferðaþjónusta*

*Uppbygging*

*Verndun byggðar og mannlífs*

*Samgöngur, aðgengi*

*Gott, fallegt umhverfi*

*Verðlag*

*Jafnvægi*

*Fjölbreytni*

*Stýring miðborgar*

### **Viðauki 3, frh.**

#### *Samráðsferli: stutt samantekt*

#### **2. Umræðufundur með hagsmunaaðilum**

Seinni hluti samráðsferlis var samráðsfundur um málefni miðborgar sem haldinn var í Iðnó laugardaginn 21. nóvember 2015. Í kjölfar stuttra erinda um miðborgarmálefni og gildandi stefnuákvæði í miðborginni fóru fram umræður milli ólíkra hagsmunaaðila á hringborðum. Umræðuefni voru skilgreind í framhaldi af greiningu á niðurstöðu spurningakönnunar og var skipt í fjóra hluta:

*Samstarf og samráð í miðborg*

*Gæði miðborgar*

*Starfsemi í miðborg*

*Aðgengi í miðborg*

Um 80 manns sátu fundinn og var borðstjórn og skráning umræðunnar í höndum starfsfólks frá Reykjavíkurborg. Fyrirkomulag fundarins mæltist vel fyrir.



### Viðauki 3, frh. Samráðsferli: stutt samantekt



með orðum hagsmunaaðila

*Sterkari miðborgarstjórn sem getur tekið ákvarðanir.*

*Skarpari sýn - ákveðna stefnu um miðborgina. Meiri aðkomu sérfræðinga og minni pólitík.*

*Það þarf að vera aðgengilegra fyrir almenning að sjá hvaða stefna er mörkuð varðandi málefni miðborgarinnar.*

*Fagleg sjónarmið nái fótfestu umfram sérhagsmuni eða skammtímahagsmuni.*

*Reglugerðir fyrir veitingastaði fúnkera ekki, það þarf að einfalda reglur. Þeir sem eru í rekstri veitingahúsa komast ekki auðveldlega að byggingarfulltrúa. Það þarf að auðvelda rekstaraðilum að gera hlutina rétt.*

*Nærumhverfið þarf að vera vel hirt hjá fyrirtækjum. Allir ættu að sópa stéttina fyrir utan hjá sér svo meiri tími geti farið í umfangsmeira viðhald á götum og götugögnum.*

*Það mættu vera fundir þar sem hagsmunaaðilar hittast og fara yfir stöðuna og eru upplýstir. Sett verði upp samráðsvettvangur íbúasamtaka við borgarráð. Vettvangur íbúasamtaka til áhrifa í gegnum hverfisráð er afar takmarkaður.*

## Viðauki 3, frh. Samráðsferli: stutt samantekt



### **RÖDD ALLRA**

*Virkja betur íbúa, hverfið gerði róló upp, í kjölfarið jókst mikið hverfisstemningin.  
Gott að borgin treysti borgurunum.  
Góð borg er borg þar sem íbúum líður vel og þar sem íbúinn hefur rödd.*

### **ÁBYRGÐ ALLRA**

*Vantar ábyrgð húseigenda.  
Samtök vildu setja útigrill á Grettisgötuna en borgin vildi ekki fleiri grill vegna þess að það væri ekki vel hugsað um þau grill sem eru til í dag.*

*Eigendur friðaðra húsa ættu að vera ábyrgir fyrir því að halda þeim vel við. Sjálfsagt ætti að vera að fá niðurfellingu fasteignagjalda á móti slíkri kvöð.*

*Hreinsunardagar eru ávallt hvetjandi og eru í flestum úthverfum borgarinnar, miðborgin ætti einmitt að vera með slíkt 2 x á ári.*

### **HÖNNUN FYRIR ALLA**

*Hef verið ung kona, móðir og með aldraða móður í miðborginni.  
Mikilvægt að hafa breidd. Passa upp á grænu svæðin. Gera kleift að börn, aldraðir og foreldrar geti safnast saman.*

*Það þarf að gera meira til að draga fleiri Íslendinga í bæinn.*

*Rými til að skapa, án mikilla takmarkana og á kjörum sem listafólk ræður við.*

### Viðauki 3, frh. Samráðsferli: stutt samantekt



Áhersla þarf að vera á mannlífið í borginni, gæta að sérstöðu hennar, og það sem í raun og veru laðar gesti til hennar. Það er ekki síst hinn skapandi kraftur sem þar er í íbúum, listafólki og skapandi greinum. Grasrótarstarf í listum og menningu er miðborginni nauðsynlegt. Miðborgin þarf á unga fólkinu að halda. Þar er krafturinn.

Verslunarmiðstöð við Tollhúsið, fjölbreyttari verslanir, markaðir.

Listaverk í borgarrýminu, mjög mikilvæg.

Umhverfi til að ferðast um fótgangandi mikilvæg.  
Huga þarf að almenningsrýmnum. Strandlengjan er til dæmis útivistarparadís sem má styrkja við enn frekar.


Nýbygging þarf að falla vel inn í umhverfið.  
Götumyndir mikilvægar.

Varhugavert að hugsa um ferðamanninn númer eitt.  
Góð borg er borg sem setur íbúa og söguna í fyrsta sæti og er þá betri borg fyrir ferðamenn.

Hugsa um miðborgarsvæðið bæði að nóttu sem degi.

Áhersla á varðveislu gamalla húsa, miðlun sögu og menningar.

### Viðauki 3, frh. Samráðsferli: stutt samantekt



FJÖLBREYTT

með orðum hagsmunaaðila

*Huga betur að fjölbreytileika. Það þarf fjölbreyttari verslanir í miðborgina. Allur varningur á að vera í boði, fyrir öll lífsskeið.*

*Tryggja húsnæði fyrir tómsundur, íþróttaiðkun, nýsköpunar-fyrirtæki, vinnustofur.*

*Hlúa að sjálfsprottinni starfsemi.*

*Borgin mætti hafa stefnu vegna sinna lóða og húsnæðis til þess að passa upp á fjölbreytileikann í miðborginni.*

*Þurfum fleiri tegundir af störfum. Skrifstofustarfsemi á erfitt fyrir vegna ferðamanna, ekki aðeins íbúar sem finna fyrir breytingum heldur einnig önnur starfsemi.*

*Störf í ferðaþjónustu í miðborginni eru láglaukastörf. Það þarf fleiri venjulega vinnustaði í miðborgina og að "plögga" miðborgina sem stað til að reka fyrirtæki.*

*Hvar er rými til leiks og útvistar í miðborginni?*

*Í miðborginni þarf að vera rými til að hafa viðburði.*

*Mættu vera fleiri grænar vinjar þar sem hægt er að setjast niður í skjóli.*

### Viðauki 3, frh.

#### Samráðsferli: stutt samantekt



#### með orðum hagsmunaaðila

*Stækka miðbæinn í átt að háskóla, svæðið í kringum Tjörnina á að vera iðandi af lífi, það er dásamlegt útivistarsvæði og í hjarta borgarinnar. Það er fullkomlega vannýtt.*

*Gera miðborgina auðfótganganlegri.*

*Að fylgja fordæmi annarra borga og takmarka mjög eða að öllu leyti umferð vélknúinna ökutækja á afmörkuðum svæðum.*

*Snjóruðningur á götum ýtir snjó upp á gangstéttar. Þarf að bæta forgangsröðun í snjómokstri, tryggja mokstur á stéttum samhliða götum.*

*Aðgangsstýra umferð betur þegar göngugötum er lokað fyrir bíla.*

*Fleiri hjólastæði.*

*Betri merkingar fyrir ferðamenn á hjólum.*

*Styrkja þarf innviðina, ekki nóg að auka verslun og þjónustu til að styrkja miðborgina.*

*Opnunartími verslana of takmarkaður fyrir íbúa/notanda, lítið opið á kvöldin, langir laugardagar ekki nógu langir. Reykjavíkurborg ætti e.t.v. að koma inn með aukna fjárfestingu eða þjónustu gegn auknum opnunartíma.*

## Viðauki 4

### Umsagnarferli

Drög að stefnu um málefni miðborgar voru send til umsagnar innan stjórnarsýslu Reykjavíkurborgar og skiluðu eftirfarandi inn umsögn:

Umhverfis- og Skipulagssvið  
Menningar- og ferðamálasvið  
Skóla- og frístundasvið  
Velferðarsvið  
Íþrótt- og tómstundasvið  
Mannréttindaskrifstofa  
Borgarsögusafn Reykjavíkur  
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur  
Faxaflóahafnir  
Hverfisráð Miðborgar

Drög að stefnu um málefni miðborgar voru öllum aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar í sex vikur og öllum opið að senda inn athugasemdir. Hagsmunaaðilar sem höfðu þegar verið kallaðir til þátttöku í samráðsferli stýrihópsins voru sérstaklega hvattir til að senda inn athugasemdir og ábendingar.

Athugasemdir og ábendingar bárust frá eftirfarandi aðilum:

Íbúasamtök Miðborgar  
Íbúasamtök Vesturbæjar  
Miðborgin okkar  
Samtök ferðaþjónustunnar  
Öryrkjabandalag Íslands  
Helgi S. Gunnarsson Forstjóri Reginn hf.  
Ágústa Hrefna Lárusdóttir  
Árný Elínborg Ásgeirsdóttir  
Bjarki Gunnar Halldórsson  
Guðríður Jóhannesdóttir

## Viðauki 5

### *Málefni miðborgar, sögulegt yfirlit*

Í miðborginni mætast ólíkir hagsmunir og stofnun ýmissa hagsmuna- og fagfélaga sem hafa talað fyrir eflingu og verndun mannlífs, verslunar og byggingararfs í miðborginni má rekja til áttunda áratugarins. Má þar nefna Torfusamtökin, Íbúasamtök Grjótaþorps, Íbúasamtök Vesturbæjar og Laugavegssamtökin. Í dag eru Miðborgin okkar, samstarfsvettvangur rekstraraðila í miðborginni, Torfusamtökin, Íbúasamtök Vesturbæjar og Íbúasamtök Miðborgar meðal starfandi félaga, sem leggja áherslu á ákveðna en ólíka hagsmuni í miðborginni. Fjöldmörg önnur hagsmunafélög og vettvangar sem eru starfandi á landsvísu, tala fyrir ákveðnum hagsmunum sem snerta sérstaka þætti miðborgar. Má þar nefna Öryrkjabandalag Íslands, Bandalag íslenskra listamanna, Samtök ferðaþjónustunnar og Samtök verslunar og þjónustu.

Innan stjórnarsýslu Reykjavíkurborgar er miðborgin snertiflötur ólíkra stjórnarsýslusviða sem vinna að innleiðingu stefnu og áætlana borgarinnar sem snerta miðborgina og varða meðal annars eignir, skipulag, byggingararf, menningu, velferðarmál og mannréttindi. Þá halda ólíkar einingar á borð við þjónustumiðstöðvar, Höfuðborgarstofu, skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, byggingarfulltrúa, skipulagsfulltrúa og skrifstofu umhirðu og reksturs utan um framkvæmd skilgreindra áætlana og verkefna sem varða miðborgina.

Formlegir vettvangar með samráð og samvinnu ólíkra aðila í miðborginni hafa verið með ýmsu móti. Að frumkvæði borgarstjórnar var Þróunarfélag Reykjavíkur stofnað árið 1990 með áherslu á samstarf um uppbyggingu í miðborginni. Þar komu saman fulltrúar ríkis, borgar, uppbyggingaraðila og rekstraraðila. Þróunarfélag Reykjavíkur var lagt niður við stofnun embættis Miðborgarstjórnar og framkvæmdastjóra miðborgar sem var hluti af framkvæmd Þróunaráætlunar miðborgar sem samþykkt var árið 2001. Framkvæmdastjóri miðborgar var starfandi með hléum til ársins 2009 og upp frá því hafa ýmsir verkefna- og samráðshópar um miðborgina verið starfandi á vegum Reykjavíkurborgar. Formlegur vettvangur samtals og samráðs um miðborgina, þar sem raddir ólíkra hagsmunaaðila mætast hefur hins vegar ekki verið fyrir hendi frá því á tíma Miðborgarstjórnar.

Skýringarmyndin á næstu síðu gefur gróft yfirlit yfir fyrirkomulag málefna miðborgar og nokkra af þeim vettvöngum, félögum og einingum sem tengjast miðborg. Á tímaásinn raðast, í fyrsta lagi stjórnarsýslueiningar innan borgarkerfis, í öðru lagi sjálfstæð og óháð félög; hagsmunafélög og fagfélög og í þriðja lagi einingar og vettvangar sem tengja saman Reykjavíkurborg og ólíka hagsmunaaðila.





## Viðauki 6

### *Samantekt stefnumörkunar og stefnuákvæða um miðborgina*

Fyrirliggjandi stefna um miðborgina í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 (AR2010-2030) er sett fram í ítarlegum sérkafla sem nefnist Miðborgin og inniheldur almenn markmið, áherslur og skýringar. Stýrandi landnotkunarákvæði er varða miðborgina eru einkum sett fram í kaflanum Landnotkun.

Með hugtakinu miðborg er átt við afmarkað lykilsvæði sem er lifandi vettvangur fjölbreyttrar starfsemi. Miðborgarsvæðið nær yfir miðborgina og umlykjandi íbúðarsvæða. Hluti af af íbúðarsvæði Vesturbæjar og Hlíða er innan miðborgarsvæðis. Í AR2010-2030 er áhersla á grundvallargæði miðborgarinnar, sem felast að miklu leyti í því að í henni fléttast saman margvíslegir þræðir sem við upplifum í senn aðskilda og sem eina heild. Auk verslunaráss, eru skilgreindir hafnarás, náttúruás og menningar- og höfuðborgarás, sem þvera og styrkja hver annan í marglaga miðborg þar sem Kvosin myndar kjarnann.


Í AR2010-2030 voru mörk miðborgarinnar útvíkuð til vesturs að Grandagarði og Höfðatorgi í austri og svæði hennar var skipt upp í þrjú undirsvæði, miðborgarkjarna (M1a), blandaða miðborgarbyggð á forsendum atvinnustarfsemi (M1b) og blandaða miðborgarbyggð á forsendum íbúðarbyggðar (M1c). Skipting miðborgarinnar í undirsvæði var gerð á grundvelli þeirra ólíku hagsmuna sem við er að eiga innan mismunandi svæða í miðborginni.

Nákvæm stefnuákvæði og stýring á starfsemi og landnotkun í miðborginni á sér rætur í Þróunaráætlun miðborgarinnar, sem samþykkt var í borgarstjórn skömmu eftir aldamótin og tekin var upp í meginatriðum í Aðalskipulag Reykjavíkur 2001-2024, sem tók gildi í byrjun árs 2003. Við vinnslu AR2010-2030 var ákveðið að leggja til grundvallar hugmyndafræði þróunaráætlunar, einkum varðandi stýringu á starfsemi á jarðhæðum við helstu götur miðborgarinnar, og undirliggjandi markmið þeirrar stýringar um fjölbreytta verslun, þjónustu og starfsemi í miðborginni. Skilgreiningar þróunaráætlunar um hlutfall smásöluverslunar við helstu verslunargötur í miðborginni fengu þannig að standa óbreyttar í aðalatriðum, enda var almennt talið að reynslan af þeirri stýringu væri góð. Hinsvegar var ákveðið að fjölga verulega þeim götum sem lytu almennri stýringu.

Starfsemiskvótar á jarðhæðum eru tvenns konar. Í fyrsta lagi kvótar til að vernda og efla smávöruverslun en með þeim er kveðið á um lágmarkshlutfall smávöruverslunar við ákveðin götusvæði. Í öðru lagi kvótar til að tryggja fjölbreytni. Með þeim er kveðið á um hámarkshlutfall sömu starfsemi við skilgreind götusvæði.

Í AR2010-2030 voru einnig sett fram ákvæði um framhliðar jarðhæða, svokallaðar lifandi götuhliðar, sem styddu við eftirfarandi markmið:

- # Stuðla að heildarmynd göturýmisins með því að samræma útlit og umhverfi.
- # Efla mannlíf í göturýmum.
- # Tryggja samfellu í verslunargötuhliðum.
- # Stuðla að fjölbreyttri starfsemi.
- # Vernda og efla smávöruverslun.
- # Styrkja samþjöppun smásöluverslunar.



Skipting landnotkunarreits miðborgar M1 í þrjú undirsvæði: M1a, M1b, M1c.



Götur í miðborginni þar sem í gildi er ákvæði um starfsemissýringu og lifandi götuhliðar á jarðhæðum

Auk stefnuákvæða um miðborgina sem er að finna í AR2010-2030 hafa stefnur í eftirfarandi köflum AR2010-2030 verið hafðar til hliðsjónar í vinnu stýrihópsins:

*Umhverfis- og auðlindastefna, Gæði byggðar, Borgarvernd, Gatan sem borgarrými, Vistvænni samgöngur, Skipulag vistvænna hverfa, Náttúra landslag og útivist.*

Eftirfarandi stefnur Reykjavíkurborgar einnig verið hafðar til hliðsjónar í vinnu stýrihópsins:

- # Atvinnustefna
- # Menningarstefna
- # Ferðamálastefna
- # Húsnæðisstefna
- # Mannréttindastefna
- # Hjólreiðastefna
- # Stefna um almenningssamgöngur
- # Leikvallastefna
- # Upplýsingastefna

## Viðauki 7

### *Fyrirhuguð breyting á Aðalskipulagi Reykjavíkur, miðborg*

Eftirfarandi texti er útdráttur úr verklýsingu vegna breytingar á Aðalskipulagi Reykjavíkur, miðborg, frá febrúar 2016:

Við gerð aðalskipulagsins lá fyrir að vægi ferðaþjónustunnar í miðborginni færi að líkindum mjög vaxandi á næstu árum. Það endurspeglast á margan hátt í áherslum, markmiðum og einstaka stefnuákvæðum fyrir miðborgina, svo og í almennri stýringu aðalskipulagsins á gististöðum og veitingastöðum, m.a. með skilgreiningu aðalgatna innan íbúðarbyggðar. Skiptar skoðanir voru þó um hvort nóg væri að gert til að stýra þróun í uppbyggingu hótela og gististaða í miðborginni. Í kaflanum Miðborgin þar sem fjallað eru um ferðamannamiðborgina, var því sett fram eftirfarandi markmið : „Vinna sérstaka stefnu og úttekt um hótél og gististaði sem verði kláruð áður en ráðist verður í hverfisskipulag miðborgarinnar“.

Í ljósi þess að aukning ferðaþjónustu á miðborgarsvæðinu hefur orðið miklum mun meiri en gert var ráð fyrir við vinnslu aðalskipulagsins og einnig að ekki liggja fyrir tímasetningar um gerð hverfisskipulags í miðborginni, er skynsamlegt og fyllilega tímabært að skoða miðborgarsvæðið heildrænt vegna stefnuákvæða um hótél og gististaði. Endurskoðun lagaumhverfis um veitinga- og gististaði kallar enn fremur á að einstök ákvæði verði endurmetin. Hinn mikli vöxtur í ferðaþjónustunni, sem birtist skýrast í byggingu nýrra hótela í miðborginni, hefur þegar kallað á ákveðinn viðbrögð skipulagsyfirlalda, m.a. með því að setja nýja skilmála um hlutfall gististaða í deiliskipulagi Kvosarinnar.

Það lá einnig fyrir við staðfestingu aðalskipulagsins að vegna hinna mörgu nýju ákvæða um miðborgina, sem eru ítarlegri og víðtækari en tíðkast um aðalskipulag, að mikilvægt væri að staldra við þegar ákveðin reynsla væri komin á beitingu einstakra ákvæða.

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur hefur tvívegis bókað um nauðsyn þess að endurmeta stefnuákvæði um miðborgina, þann 30. september 2015 og aftur 9. desember sl: Þar sagði: „Umhverfis- og skipulagssviði er falið að endurmeta einstök stefnuákvæði Aðalskipulags Reykjavíkur um miðborgina, einkum sérstök ákvæði um starfsemi á landnotkunarsvæðum og stýringu starfsemi á einstaka götusvæðum (götuhlíðum) og enn fremur almenn markmið um miðborgina eftir því sem við á, sbr. einnig bókun umhverfis- og skipulagsráðs frá 30. september sl. Til grundvallar endurmati er þróun uppbyggingar síðustu misseri, úttektir og greiningar á núverandi stöðu og reynslan af notkun gildandi stefnuákvæða.“

Á grundvelli þessa er lögð fram verklýsing um mögulegar breytingar á AR2010-2030 varðandi miðborgarstefnuna. Einkum verður horft til þeirra atriði sem nefnd eru að framan, en væntanlega verða fleiri atriði til skoðunar, s.s. markmið um göngugötur, heimildir um fjölda íbúða, skerping á skilgreiningu aðalgatna ofl. [...]

Við endurskoðunina verða ýmsar úttektir og greiningar lagðar til grundvallar sem þegar hafa verið unnar og viðbótar greiningar sem verða unnar á næstu mánuðum þær áherslur og sjónarmið sem koma fram í samráðsferli vinnunnar munu gegna mikilvægu hlutverki. Enn fremur verða niðurstöður og tillögur stýrihóps um málefni miðborgar til grundvallar við mótun breytingartillagna.

## **Viðauki 8**

### *Ferlar, skráning og regluverk vegna leyfisveitinga í veitinga- og gistipjónustu*

Um rekstrarleyfi er fjallað í lögum um veitinga- gististaði og skemmtanahald sem nýlega hefur verið breytt. Þær breytingar kalla á endurskoðun *AR2010-2030*, kafla sem varða m.a. miðborgina og landnotkun. Breytingarnar geta einnig kallað á endurskoðun ferla og reglna Reykjavíkurborgar án þess að sú kortlagning liggi fyrir í dag. Helstu nýmæli nýrra ákvæða varða heimagistingu, veitingastaði án áfengisveitinga og að rekstrarleyfi verða nú ótímabundin.

Reykjavíkurborg þarf sérstaklega að skoða þau ákvæði sem tók breytingum í ljósi markmiða um einföldun löggjafar. Þar var ákveðin samræming á umsögnum sveitarfélags, byggingarfulltrúa, heilbrigðisnefndar og sveitarstjórnar. Þannig hefur Reykjavíkurborg tækifæri til að breyta ferlum á þann hátt að útbúin verði ein umsögn m.a. í þeim tilgangi að tryggja endanlega niðurstöðu og meira samstarf milli aðila innan borgarinnar.

Á fundi borgarráðs 9. júní 2016 voru lögð fram drög að erindisbréfi starfshóps borgarstjóra um heimagistingu og íbúðagistingu í Reykjavík. Þar kemur m.a. fram að starfshópurinn skal skoða hvaða valkostir eru til staðar fyrir Reykjavíkurborg í málaflokknum og setji fram drög að stefnu borgarinnar um heimagistingu og íbúðagistingu, m.a. um skilgreiningu auk þess sem hann skal fjalla um heimildir íbúðaeigenda í fjöleignarhúsum til skammtímaleigu og hlutfall íbúða undir slíka starfsemi í fjöleignarhúsum. Hópurinn skal jafnframt gera tillögur um það hvernig haga megi eftirliti á grundvelli laganna.





## Reglur um stefnur og stefnumarkandi áætlanir Reykjavíkurborgar

### 1. gr.

#### Tilgangur og gildissvið

Reglur þessar gilda um stefnur og stefnumarkandi áætlanir sem lagðar eru fyrir borgarstjórn, borgarráð og fagráð Reykjavíkurborgar til samþykktar. Tilgangur þessara reglna er að samræma vinnulag við mótun og innleiðingu á stefnum og stefnumarkandi áætlunum Reykjavíkurborgar auk þess að skilgreina form og innihald þeirra.<sup>1</sup> Stefna er í þessum reglum skilgreind sem tímasett skjal þar sem sett er fram hugmyndafræði, framtíðarsýn og markmið sem fylgt er eftir með mælikvörðum og fjármögnum aðgerðum.<sup>2</sup>

### 2. gr.

#### Samræmi við aðrar stefnur og áætlanir

Við mótun stefnu skal þess gætt að hún sé í samræmi við lög og aðrar stefnur og samþykktir Reykjavíkurborgar og að hún taki mið af meginstefnum á borð við mannréttindastefnu, upplýsingastefnu og þjónustustefnu. Meginstefnur skulu lagðar fyrir borgarstjórn Reykjavíkur til samþykktar.

Huga skal að tengslum meginstefna og undirstefna og tilgreina í stefnuskjali ef um undirstefnu er að ræða og hvaða stefnu hún heyrir undir.

Forðast skal að setja fram sambærileg markmið í fleiri en einni stefnu eða markmið sem skarast á. Því skal bera fyrirhuguð markmið stefnu saman við aðrar samþykktar stefnur og áætlanir í aðdraganda stefnumótunar til að meta þörf á mótun nýrrar stefnu.

### 3. gr.

#### Ábyrgð

Í stefnu skal koma fram hvaða starfseining ber yfirábyrgð á innleiðingu hennar og endurskoðun, sem og á söfnun mælinga og á árangursmati, ekki síst þar sem ábyrgð á framkvæmd einstakra aðgerða eða verkefna í stefnum og aðgerðaáætlunum getur dreifst á margar starfseiningar.

---

<sup>1</sup> Við gerð þessara reglna var m.a. stuðst við [Handbók um opinbera stefnumótun og áætlanagerð](#) sem gefin var út af forsætisráðuneytinu í nóvember 2013 og unnin af starfshópi sérfræðinga frá öllum ráðuneytum. Í handbókinni er að finna ítarlegri upplýsingar um aðferðir við mótun og innleiðingu stefnu. Einnig var tekið mið af ábendingum settar hafa verið fram af Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar (einkum skýrslan *Mat á eftirlitsumhverfi Reykjavíkurborgar* frá apríl 2013) og af ábendingum úttektarnefndar borgarstjórnar frá apríl 2013. Reglurnar byggja einnig á niðurstöðum greiningar á miðlægum stefnum Reykjavíkurborgar sem unnin var árið 2018.

<sup>2</sup> Í viðauka má sjá leiðbeinandi stefnusniðmát fyrir viðfangsefni og málaflokka Reykjavíkurborgar.

#### 4. gr.

##### Gildistími og endurskoðun

Stefnur skulu hafa afmarkaðan gildistíma nema sérstakar ástæður séu fyrir því að hann sé ótímabundinn. Stefnur ber að endurskoða reglubundið og nota skal mat á árangri og áhrifum stefnu og aðgerðaáætlunar til að ákveða framhald og hvort gildandi stefna verði framlengd, lögð niður eða breytt. Við lok gildistíma stefnu skal ábyrgðaraðili hennar gefa út skýrslu með heildaryfirliti um stöðu mælikvarða og aðgerða stefnunnar.

#### 5. gr.

##### Undirbúningur stefnu

Stefna skal byggð á traustum grunni og vandað til verka við undirbúning hennar.<sup>3</sup> Eftir því sem við á eiga stefnur að grundvallast af viðurkenndum greiningum og rannsóknum í þeim málaflokki sem stefnan snýr að og við upphaf stefnumótunar skal framkvæmt stöðumat á viðfangsefninu í því skyni að hafa sameiginlega sýn og raunhæft mat á núverandi stöðu áður ný stefna er mótuð.

Í stefnuskjali skal gera grein fyrir því hvert umfang málaflokksins eða viðfangsefnisins er og hvaða málefni eru til umfjöllunar. Draga skal fram helstu áskoranir út frá mati, fyrirliggjandi rannsóknum eða greiningargögnum.<sup>4</sup>

#### 6. gr.

##### Markmiðasetning og árangursmat

Uppbygging markmiðasetningar skal vera skýr og hugtakanotkun í stefnum Reykjavíkurborgar samræmd eins og kostur er á.<sup>5</sup> Dæmi um skýra uppbyggingu markmiðasetningar er þegar þeirri eftirsóknarverðu stöðu sem ætlunin er að ná er lýst með því að setja fram framtíðarsýn á hnitmiðaðan hátt í einni eða fáum setningum, hún útfærð í fáein stutt huglæg meginmarkmið sem eru nánar útfærð í markmið/undirmarkmið sem eru eins hlutlæg og mælanleg og kostur er á.<sup>6</sup> Skilgreina skal mælikvarða eins og hægt er til að hægt sé að framkvæma árangursmat og skal skilgreint hver ber ábyrgð á mælikvarðanum.<sup>7</sup>

---

<sup>3</sup> Ráðlegt er að nota aðferðir verkefnisstjórnunar við mótun stefnu til að vinnan verði markviss og samstaða náist um verkefnið. Á innri vef Reykjavíkurborgar má finna [handbók um verkefnavinnu og þar til gerð eyðublöð, sniðmát og tékklista](#).

<sup>4</sup> Áskoranir og áhættuþættir geta m.a. tengst umhverfislegum, samfélagslegum, efnahagslegum, pólitískum eða kerfislægum þáttum.

<sup>5</sup> Stefnuráð stjórnarráðsins hefur gefið út lista yfir hugtök sem varða undirbúning og mótun stefnu sem styðjast má við: <https://www.stjornarradid.is/gogn/stefnur-og-aaetlanir/hugtalisti/>

<sup>6</sup> Í flóknu og síbreytilegu umhverfi getur verið skynsamlegt að setja skammtímamarkmið og móta skammtímaverkefni og endurskoða þau reglulega.

<sup>7</sup> Í eyðublaðinu [SVÓT og markmiðasetning](#) má finna umfjöllun um SMART markmiðasetningu og sniðmát fyrir markmið og mælikvarða.



Stefnur Reykjavíkurborgar skulu árangursmetnar eins og hægt er út frá hlutlægum markmiðum og mælikvörðum. Ábyrgðaraðili innleiðingar stefnu skal leitast við að safna reglubundið saman og birta mælingar og aðrar viðeigandi matsaðferðir. Með slíkri eftirfylgni er greint hvernig tekist hefur til í samanburði við þau markmið og áætlanir sem lagt var af stað með. Sú greining kann að leiða til þess að nýjum verkefnum verði hrundið af stað og stefnan og skipulagið lagað að nýjum aðstæðum.

#### 7. gr.

##### Aðgerðaáætlun

Stefna og markmiðasetning hennar skal útfærð með áætlun sem inniheldur aðgerðir eða verkefni til að ná fram markmiðum stefnunnar. Þar skal skilgreint hver ber ábyrgð á framkvæmd aðgerða og verkefna auk þess sem greint skal frá tímamörkum, kostnaði við aðgerðir og fjármögnun þeirra eins og hægt er. Aðgerðaáætlun getur eftir atvikum fylgt stefnu eða verið unnin í kjölfar samþykkt hennar.

Líftími stefnu getur verið lengri en líftími aðgerðaáætlunar. Ör þróun og miklar breytingar í umhverfi geta orðið til þess að gagnlegt er að gera aðgerðaáætlun til skemmri tíma með verkefnum sem eru nálægt í tíma. Sú aðgerðaáætlun er síðan endurskoðuð og ný gerð.

#### 8. gr.

##### Samráð við hagsmunaaðila

Við mótnun stefnu skal samráð haft við hagsmunaaðila innan og utan stjórnkerfis Reykjavíkurborgar eins og við á. Í þeim tilgangi er mikilvægt að gera hagsmunaaðilagreiningu. Tilgangur þess er að hagsmunaaðilar séu meðvitaðir um innihald stefnunnar á vinnslustigi og fái tækifæri til að koma athugasemdum sínum á framfæri. Það er til þess fallið að ná sem mestri samstöðu um stefnuna og auka líkur á að hún komist til framkvæmda. Þeir sem koma til með að bera ábyrgð á að innleiða stefnu og aðgerðir hennar skulu einnig fá tækifæri til að koma athugasemdum sínum á framfæri. Þegar við á skal afla formlegra umsagna um fyrirbyggjandi drög að stefnu eða áætlun.

#### 9. gr.

##### Kostnaðarmat og fjármögnun stefnu

Aðgerðir sem stefnur og aðgerðaáætlanir kveða á um skulu kostnaðarmetnar áður en þær eru samþykktar.<sup>8</sup> Ef aðgerðir rúmast ekki innan fjárhagsramma skal áætla viðbótarkostnað við þær. Þá skal vera skýrt hvernig fjármögnun aðgerða er háttáð, í það minnsta skulu skilgreindar forgangsaðgerðir vera fjármagnaðar ef heildarkostnaður við innleiðingu stefnu er ófjármagnaður við samþykkt hennar.

---

<sup>8</sup> Eyðublað fyrir [kostnaðarmat](#) tillagna er á meðal þeirra sniðmáta sem fylgir [handbók um verkefnavinnu](#).

## 10. gr.

### Birting og eftirfylgni

Stefnuskjal skal ávallt auðkennt með merki Reykjavíkurborgar og í því skal koma fram hvar og hvenær viðkomandi stefna var samþykkt. Samþykktar stefnur skulu birtar á vef Reykjavíkurborgar. Fræðsla um stefnur Reykjavíkurborgar skal vera í fræðsludagskrá allra fagsviða.

Starfseining sem fær samþykktar aðgerðir úr stefnu eða aðgerðaáætlun til meðferðar frá borgarráði eða fagráði skal skila ábyrgðaraðila stefnu skýrslu um framfylgd eða innleiðingu aðgerða að innleiðingarferli loknu eða stöðuskýrslu eigi síðar en 12 mánuðum eftir að hún fékk þær til meðferðar ef ferlið krefst meiri tíma.

Reglur þessar skulu endurskoðaðar eigi síðar en tveimur árum eftir gildistöku þeirra.

Samþykkt á fundi borgarráðs 17. janúar 2019

## **Viðauki 1: Leiðbeinandi stefnusniðmát fyrir viðfangsefni og málaflokka Reykjavíkurborgar.<sup>9</sup>**

### **1. UMFANG OG STARFSEMI (hámark 500 orð)**

Hér er gerð grein fyrir því hvert er umfang málaflokks/viðfangsefnis sem móta skal stefnu um. Hvaða málefni eru til umfjöllunar (afmörkun). Koma skal fram hvar og hvenær stefnan var samþykkt. Tilgreina skal ef stefnan er nánar útfærð í undirstefnu eða ef hún er sjálf undirstefna annarrar stefnu.

### **2. STÖÐUMAT OG HELSTU ÁSKORANIR (hámark 1000 orð)<sup>10</sup>**

Hér skal gera grein fyrir starfsemi stefnuviðfangs. t.d. núverandi stefnu- og áherslubreytingum, lagabreytingum eða skipulagsbreytingum og áhrifum þeirra á útgjöld til málaflokks/viðfangsefnis.

Hefur núverandi framkvæmd náð tilætluðum markmiðum? Gæði, framleiðni o.s.frv. Hver er staða markmiða eða áherslna sem unnið hefur verið að, hvað gekk eftir, hvað gekk ekki eftir og hverjar eru helstu ástæður þess. Ef um er að ræða málaflokk/viðfangsefni sem þróast í samræmi við lýðfræðilega þætti skal fjalla um hvort þar sé gert ráð fyrir breyttri þróun á næstu árum og hver áhrifin gætu orðið.

Draga skal fram helstu áskoranir út frá mati, fyrirliggjandi rannsóknum eða greiningargögnum. Einnig skal gera grein fyrir helstu áhættuþáttum og hvaða ráðstafanir eru gerðar til að bregðast við þeim. Áskoranir og áhættuþættir geta m.a. tengst umhverfislegum, samfélagslegum, efnahagslegum, pólitískum eða kerfislægum þáttum.

### **3. FRAMTÍÐARSÝN OG MEGINMARKMIÐ**

Fyrst skal fjalla um framtíðarsýn fyrir málaflokk/viðfangsefni til næstu ára. Framtíðarsýnin þarf að vera hvetjandi og lýsa væntingum og vonum og sett fram í stuttu og hnitmiðuðu máli í einni eða fáeinum setningum. Hún á að vera hugsuð til langs tíma og nýtt til þess að setja markmið. Framtíðarsýn endurspeglar heildarsýn á þróun starfsemi málaflokksins/viðfangsefnisins næstu árin, t.d. hvað varðar starfsumhverfi, starfshætti og nauðsynlegar umbætur til að takast á við fyrirsjáanlegar áskoranir.

Tilgreina skal meginmarkmið (helst ekki fleiri en þrjú) og hvernig þau endurspeгла áskoranir og framtíðarsýn. Meginmarkmið skal vera almennt og hugsuð til langs tíma á meðan undirmarkmið vísa til hlutlægrar tilfærslu og eru tengd grunnstöðu mælikvarða.

---

<sup>9</sup> Stefnusniðmátið byggir á sniðmáti forsætisráðuneytis. Það er leiðbeinandi um framsetningu í stefnuskjali.

<sup>10</sup> Þar sem við á má setja umfjöllun um stöðumat og helstu áskoranir í viðauka.

Eftirfarandi níu atriði er gott að hafa í huga við markmiðasetningu (bæði meginmarkmið og undirmarkmið):<sup>11</sup>

- Hafa í huga hvernig starfsemi, aðgerðir og verkefni hafa áhrif á notendur og almenning.
- Skilgreina öll meginmarkmið stefnunnar. Flestar stefnur hafa mörg mikilvæg meginmarkmið sem ekki ætti að horfa framhjá. En einnig verður að hafa í huga að varasamt er að hafa mörg markmið.<sup>12</sup> Hægt er að koma nokkrum áhersluatriðum fyrir í einu markmiði.
- Leggja áherslu á hvernig neikvæð áhrif af aðgerðum stefnunnar verði lágörkuð. T.d. er mengun afleiðing af samgöngum. Því gæti markmið samgöngustefnu verið að lágmarka mengun sem af samgöngum hlýst.
- Setja fram andstæð markmið þegar við á og hvernig jafnvægi þarf að vera á milli þeirra. Umhverfisleg þróunarverkefni og efnahagsleg þróunarverkefni geta haft neikvæð áhrif hvort á annað, t.d. hvað varðar landnotkun annars vegar og verndun grænna og opinna svæða hins vegar.
- Íhuga má markmið um að draga úr magni af þörfum sem ekki er mætt. T.d. að draga úr fjölda á biðlista eða úr fjölda þeirra sem búa við íþyngjandi húsnæðiskostnað.
- Íhuga má markmið sem snúa að gæðum þjónustu.
- Íhuga má markmið um hagkvæma þjónustuveitingu.
- Þegar um meginmarkmið er að ræða skal forðast töluleg markmið svo það lifi lengur.
- Forðast skal óskýrt eða óljóst orðalag sem gæti leitt til ágiskana um inntak markmiðs og hvernig hægt er að mæla það.

Við val á allt í senn markmiðum, aðgerðum/verkefnum og mælikvörðum er gagnlegt að nota áhrifakeðjur.<sup>13</sup>

#### 4. UNDIRMARKMIÐ OG MÆLIKVARÐAR

Tilgreina skal allt að þrjú undirmarkmið fyrir hvert meginmarkmið. Undirmarkmiðin sem tilgreind eru skulu vera skýr, mælanleg, aðgerðabundin og fela í sér áskorun, raunhæf, tímasett og vísa til tilfærslu. Undirmarkmið skulu samræmd markmiðum í öðrum gildandi stefnum eða áætlunum Reykjavíkurborgar og tengjast meginmarkmiði og helstu niðurstöðum úr stöðumati.

Hverju undirmarkmiði ættu að fylgja helst ekki fleiri en þrjár mælikvarðar sem mæla framgang markmiðsins með hlutlægum hætti.<sup>14</sup> Æskilegt er að setja fram stöðu í lok síðastliðins árs og viðmiðum fyrir t.d. næstkomandi ár og t.d. síðasta ár sem stefnan/áætlun nær til. Viðmið er tölulegt gildi á mælikvarðanum sem stefnt er að því að ná í lok þess árs sem um ræðir og vísar

<sup>11</sup> Heimild: „Performance Management: Getting Results“ eftir Harry P. Hatry, bls. 40-41.

<sup>12</sup> Rannsóknir frá FranklinCovey hafa sýnt fram á fylgni á milli fjölda mikilvægra markmiða og hversu vel gengur að ná þeim. Með því að leggja áherslu á 2-3 lykilmarkmið eru góðar líkur á að ná þeim öllum. Með áherslu á 4-10 lykilmarkmið er hætt við að góður árangur náist aðeins í 1-2 þeirra og ef lykilmarkmið eru orðin fleiri en 10 er hætt við að engum verði náð (<https://www.franklincovey.com/Solutions/Execution/4-disciplines.html>).

<sup>13</sup> Nánar er fjallað um áhrifakeðjur í eyðublaðinu [SVÓT og markmiðasetning](#) og í „Performance Management: Getting Results“ eftir Harry P. Hatry.

<sup>14</sup> Í eyðublaðinu [SVÓT og markmiðasetning](#) má finna umfjöllun um SMART markmiðasetningu og sniðmát fyrir markmið og mælikvarða.

til markmiðsins. Mælikvarði getur einnig verið að aðgerð verði lokið.

Meginmarkmið Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Staða 2017	Viðmið 201x	Viðmið 20xx
1					
2					
3					

## 5. AÐGERÐIR

Tilgreina skal þær aðgerðir sem ráðast á í og hvaða markmiðum þær tengjast. Aðgerðir geta falist í breyttum áherslum eða sérstökum verkefnum sem ýmist eru í gangi eða ráðast á í. Þá er mikilvægt, ef hægt er, að tilgreina tímaáætlun, þ.e. hvenær verkefni hefst og hvenær því skuli lokið. Aðgerðaáætlun getur eftir atvikum fylgt stefnu eða verið unnin í kjölfar samþykkt hennar og sett fram í aðskildu skjali.

Eftir því sem mögulegt er skal áætla kostnað við aðgerð á framkvæmdatímabilinu og hvort aðgerðir rúmist innan fjárheimilda.

Meginmarkmið Nr.	Tengist markmiði nr.	Aðgerð	Tímaáætlun	Kostnaður	Ábyrgðar-aðili

## 6. FRAMKVÆMD, MAT OG EFTIRLIT

Hér skal fjalla um hvernig framkvæmd/innleiðingu verður háttað ef ástæða er til. Í sumum tilvikum getur verið nóg að leggja fram aðgerðaáætlun en innleiðing getur verið það umfangsmikil að fjalla þarf sérstaklega um hana og stýrihóp innleiðingar ef slíkur er skipaður.

Taka skal fram hvaða starfseining ber yfirábyrgð á stefnunni og að hún muni endurskoða markmið og aðgerðir stefnunnar eftir því sem ástæða þykir til á gildistíma hennar.

Einnig skal fjalla um hvernig árangursmati verður háttað, þ.e. hver ber yfirábyrgð á söfnun mælinga og útgáfu þeirra í stöðuskýrslum. Fram komi að við lok gildistíma stefnu verði gefin út skýrsla með heildaryfirliti um stöðu mælikvarða og aðgerða stefnunnar. Þá verði ákveðið hvort gildandi stefna verði framlengd, lögð niður eða breytt.